



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk

Fimmtudagur

4. júní 2009
22. tbl. · 26. árg.

Háprýstipvottur

Kjarnaborun

Steinsögun

Sími: 456 6600

VESTFIRSKIR
VERKTAKAR

www.vverk.is

- Veitingar
- Skemmtun
- Lífandi tónlist
- Góð þjónusta

KAFFI EDINBORG
Café • Restaurant • Bar
www.kaffiedinborg.is



Tækifæri landsbyggðar- innar felast í umrótinu

Kristinn H. Gunnarsson situr ekki lengur á þingi en er baráttuglaðari en nokkru sinni fyrr. Hann vill flytja valdið út í héraðið og vill að Vestfirðingar haldi sitt eigið stjórnlagapíng strax í sumar. Hann vill að Vestfirðingar ráði sjálfir yfir sínum fiskimiðum. Sjá viðtal í miðopnu.



Við flytjum allt ...
... og ekkert er of stórt!

Eimskip-Flytjandi er með um
80 afgreiðslustaði um land allt.
Hvað getum við flutt fyrir þig?
Hafðu samband og fáðu tilboð.

Eyrarskála 400 Ísafjörður Sími 525 7890 Fax 525 7899 www.flytjandi.is

EIMSKIP
Flytjandi



Höfuðstöðvar Orkubús Vestfjarða ohf., á Ísafirði.

Afkoma OV betri en áætlanir gerðu ráð fyrir

Afkoma Orkubús Vestfjarða varð heldur betri á árinu 2008 en áætlanir gerðu ráð fyrir. Rekstraráráætlun ársins gerði ráð fyrir rekstrarhagnaði að upphæð 28 milljónir króna en samkvæmt rekstrarreikningi varð hagnaður af venjubundnum rekstri fyrir skatta sem nam 108,7 milljónum. Þegar tekið er tillit til breytinga á tekjuprósentu og bókfærðs tekju-

skatts er hagnaður ársins 57,8 milljónir króna. Afskriftir námu alls 202 milljónum króna.

Eignir OV í árslok voru alls 5.125 milljónir og heildarskuldir 672 milljónir. Eigið fé nam 4.452 milljónum sem er um 86,9% af heildarfjármagni.

Á árinu var 413,8 milljónum varið til fjárfestinga og auk þess var 180 milljónum varið í bor-

holu í Tungudal en árangur af boruninni varð því miður enginn. Framleiðsla vatnsaflsvirkjana Orkubúsins var yfir meðallagi og ekki urðu nein stærri rekstraráföll í flutningskerfum Orkubúsins.

Fyrir 20 árum var öllum langtímaskuldum létt af Orkubúinu nema lífeyrisskuldbindingum vegna starfsmanna fyrirtækisins. Þá var

jafnframt ákveðið að haga rekstri fyrirtækisins með þeim hætti að nýjar fjárfestingar yrðu kostaðar af eigin fé og ekki yrði stofnað til skulda með nýjum lántökum. Þessari stefnu hefur verið fylgt alla tíð síðan og hefur hún leitt til þess að Orkubú Vestfjarða er ekki skuldsett fyrirtæki, hvorki í innlendum né erlendum gjaldmiðli. Af þessum sökum hafa banka-

hrunið á liðnu hausti, háir vextir og veiking íslensku krónunnar ekki haft umtalsverð áhrif á afkomu fyrirtækisins.

„Ársins 2008 verður minnst sem ársins þegar íslensku bankarnir féllu og efnahagur landsins varð fyrir þungu höggi. Þrátt fyrir áföll og brotsjó í efnahagslífi landsins siglir Orkubú Vestfjarða áfram, þökk sé varfærinni fjárfestingarstefnu og öllu því góða starfsfólki fyrirtækisins sem sinnir starfi sínu af metnaði alúð og trúmennsku“, segir í fréttatilkynningu.

Í stjórn OV voru kjörin: Guðmundur Jóhannsson formaður, Kolbrún Sverrisdóttir varaformaður, Grímur Atlason ritari, Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir og Viktoría Ólafsdóttir.

– *thelma@bb.is*

Haukur í horni: Er að verða klár fyrir sjómannadaginn!



Aldrei fleiri listamenn á „Við Djúpið“

Aldrei hafa fleiri listamenn verið bókaðir á tónlistarhátíðina „Við Djúpið“ sem haldin verður á Ísafirði um miðjan þennan mánuð. Fjögur frumsamin íslensk verk verða flutt á hátíðinni og útvarpað verður beint frá tónleikum í Ísafjarðarkirkju. Hið virta danska tónskáld Bent Sörensen kennir á Masterklass-námskeiði sem verður í boði á hátíðinni, svo fátt eitt sé nefnt.

Skipuð hefur verið ný stjórn hátíðarinnar. Í henni eru Vovka Stefán Ashkenazy píanóleikari, Illugi Gunnarsson stjórnarformaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Ásthildur Sturludóttir kynningastjóri Háskóla Íslands og Greipur Gíslason verkefnastjóri.

Tíu skólar á Vestfjörðum með færri en 50 nemendur

Skólum hefur fækkað um þrjá á Vestfjörðum undanfarinn áratug en þeim hefur fækkað 22 á landsvísi. Þar hefur fámennustu og fjölmennustu skólunum fækkað mest. Þessar upplýsingar koma fram í Hagtíðindum um grunnskóla, sem Hagstofa Íslands hefur gefið út.

Fámennasti skóli landsins er

Finnbogastaðaskóli í Árneshreppi á Ströndum, en þar voru tveir nemendur síðasta skólaár. Skólaárið 2008-2009 voru 33 grunnskólar með 50 nemendur eða færri og þar af voru tíu á Vestfjörðum. Fjölmennasti skóli fjórðungsins er Grunnskólinn á Ísafirði með 500 nemendur en þar á eftir koma Grunnskóli Bol-

ungarvíkur og Grunnskóli Vesturbyggðar með um 125 nemendur.

Allir grunnskólar á Vestfjörðum hafa verið einsetnir frá árinu 2002 en næstu fjögur árin þar á undan var einn skóli í fjórðungi um einungis einsetinn að hluta. Grunnskólum á Vestfjörðum hefur fækkað lítillega á tímabilinu,

voru 16 árið 1998 en hafa síðustu fjögur ár verið 13 talsins.

Hundrað og ellefu kennarar í grunnskólum Vestfjarða á síðasta ári voru með kennsluréttindi eða 68,5% af þeim sem störfuðu við kennslu í skólunum. Af þeim 162 sem störfuðu við kennslu í grunnskólum í fjórðungi á síðasta ári voru konur í miklum

meirihluta eða 122 og voru 88 þeirra með kennsluréttindi. Hins vegar voru einungis 14,2% karla sem störfuðu við kennslu með kennsluréttindi. Þess er rétt að geta að skólastjórar, aðstoðarskólastjórar, deildarstjórar og kennarar eru taldir saman í þessum hópi.

– *thelma@bb.is*

Af sjóstöng yfir á handfæraveiðar

Útgerðarmenn sjóstangaveiðibáta þurfa að gera upp við sig hvort þeir hætta í ferðaþjónustunni og sendi alla sína báta á frjálsar handfæraveiðar. Verði frumvarpið samþykkt óbreytt íhuga menn á Suðureyri að hætta á sjóstöng.

Í frumvarpinu sem nú er til umræðu á Alþingi og snýr að fristundaveiðum er gert ráð fyrir að ráðherra heimili tiltekinn fjölda opinberra sjóstangaveiðimóta þar sem aflinn telst ekki til aflamarks eða krókaafلامarks. Áfram þarf kvóta hjá sjóstangaveiði í ferðaþjónustu, þar sem útlendir sjósportveiðimenn veiða fisk á sjóstöng.

Vikulega yfir sumarið koma um 100 manns til Suðureyrar til að fara á sjóstöng. 22 bátar eru gerðir út fyrir þetta verkefni og leigir Hvíldarkleitur kvóta fyrir um 15 milljónir króna vegna þessa á ári. Þetta er þriðja starfssumarið hjá Hvíldarkleiti og hefur þróun og þjónusta vaxið ár frá ári.

Elías Guðmundsson hjá Hvíldarkleiti á Suðureyri segir að þetta sé þriðja þingið þar sem frumvarp um fristundaveiðar sé lagt fram en það hafi áður stöðvast eftir fyrstu umræðu.



Flotbryggja fyrir skútur við Olíumúlann

Flotbryggja var sjósett við gamla Olíumúlann í Ísafjarðarhöfn í síðustu viku. Bryggjan er 43 metrar og samanlagt býður hún því upp á 86 metra viðlegu-pláss. Hún er hugsuð fyrir heima- og aðkomuskútur, en eins og flestir vita eiga tvær stærstu skútur landsins, Britt og Áróra,

heimahöfn á Ísafirði.

Guðmundur M. Kristjánsson, hafnarstjóri Ísafjarðarbæjar, segir löngu komna þörf fyrir slíka bryggju. Sams konar bryggja í eigu félags áhugamanna um sportbáta á Ísafirði skemmdist á síðasta hausti. Bryggjan var áður í höfninni á Flateyri en var tekin

upp í fyrra þegar ný flotbryggja var sjósett þar. Guðmundur segist líta á staðsetningu bryggjunnar í Ísafjarðarhöfn sem framtíðarstaðsetningu hennar.

Sportbátaáhugamenn ættu að kætast yfir þessum fregnum því að þeir höfðu farið fram á að hafnaraðstaða á Ísafirði fyrir slíka

báta yrði bætt. Í ófremdarástand í þeim málum stefndi eftir að smábátabryggja sem sportbátaeigendur áttu í Sundahöfn skemmdist. Í kjölfarið lýsti hafnarstjórn því yfir að í ljósi aðstæðna teldi hún réttast að Hafnir Ísafjarðarbæjar ættu og rækju slíka aðstöðu á Ísafirði.

– *birgir@bb.is*

Surtarbrandur fjarlægður án leyfis

Náttúrufræðistofnun Íslands segir að fjölmiðlar hafi sýnt lögprot „í beinni útsendingu“ þegar birt var frétt um surtarbrand sem fannst á Vestfjörðum fyrir stuttu, þar sem óheimilt sé að nema brott eða losa steingervinga af fundarstað. Umhverfisráðuneytið getur þó að fenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands veitt und-

anþágu frá ákvæði þessu í þágu jarðfræðirannsóknna.

Stofnunin lítur málið alvarlegum augum, að því er fram kemur á vef hennar. Greint var frá því í sjónvarpsfréttum og öðrum miðlum um miðjan mánuð, að stærsti surtarbrandsbútur sem fundist hefur hér á landi, líklega um 12 milljóna ára gamall, hafi fundist


í fjallinu Erni í Bolungarvík. Þá sagði í frétt hjá RÚV að það gefi til kynna að einhvern tíma hafi risatré vaxið á Vestfjörðum.

Náttúrufræðistofnun vill einnig vekja athygli á því að vitneskja um setlöggin sem rætt er um í fréttinni eru ekki ný af nálinni, en þau hafa lengi verið þekkt og margt verið skrifað um þau í vis-

indaritum. Aldur setlaganna er talinn vera um 15 milljón ár. Þau koma fram á útskögum Vestfjarða í norðvestri og eru aðgengileg á mörgum stöðum frá Selárdal í Arnarfirði í suðri til Hornstranda í norðri. Plöntusamfélögum þeirra hefur verið lýst og ályktanir dregnar um gróðurfar og loftslag þeirra tíma, en allt

bendir til þess að hér hafi þá verið heittemprað og rakt loftslag.

„Það er því ekki ný vitneskja að stór tré hafi vaxið á því svæði sem nú myndar Vestfirði fyrir um 15 milljón árum. Leifar vatnafuru (*Glyptostrobus europaeus*), fornrauðviðar (*Sequoia abietina*) og arnarbeykis (*Fagus friedrichii*) hafa m.a. fundist á þessum slóðum.“



Yfirtaki húseign Náttúrustofu

Náttúrustofa Vestfjarða leggur til að skuld upp á 24 milljónir króna, sem Bolungarvík hefur lagt til Náttúrustofu Vestfjarða í Bolungarvík umfram það sem samningur við ráðuneyti segir til um, verði gerð upp með því að Bolungarvíkurkaupstaður yfirtaki húseign Náttúrustofunnar að Aðalstræti 21 í Bolungarvík. Bæjarstjóra Bolungarvíkur, Elíasi Jónatansson, er falið að vinna að málinu og leggja tillögu fyrir bæjarráð.

Umhverfisráðuneytið telur sig ekki hafa tök á að verða við beiðni um aukið fjármagn til reksturs Náttúrustofu Vestfjarða og telur jafnframt að stuðningur ráðuneytisins hafi verið í fullu samræmi við ákvæði samnings um rekstur stofunnar.

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga fór fram á það við umhverfisráðuneytið að það endurgreiddi Bolungarvík 24 milljónir króna sem sveitarfélagið hefur lagt til Náttúrustofu Vestfjarða í Bolungarvík umfram það sem samningurinn við ráðuneytið segir til um.

Eftirlitsnefndin telur að Bolungarvík geti afgreitt málin í samræmi við samþykktir sínar, þrátt fyrir að umhverfisráðuneytið komi ekki að málinu, enda eru fjárhagsáætlanir Bolungarvíkur miðaðar við það.

– birgir@bb.is

Fjórðungssambandið tekur þátt í Opnum dögum í Brüssel

Opnir dagar Evrópusambandsins verða haldnir í Brüssel dagana 5.-8. október. Líkt og á síðasta ári mun Fjórðungssamband Vestfirðinga ásamt Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi og Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra vera aðili að mál-

stofum Norðurslóðanetsins.

Megináhersla Opinna daga að þessu sinni skiptist í fjögur þemu: Endurreisn - nýsköpun í héruðum og sveitarfélögum, loftslagsbreytingar - aðgerðir héraða og sveitarfélaga, samstarf - samstarfsverkefni, og framtíðar-

byggðastefna Evrópusambandsins. Í fyrri voru merk tímamót en það var í fyrsta sinn sem íslensk sveitarfélög tóku þátt í verkefni á vegum Héraðanefndar Evrópusambandsins, sem er sveitarstjórnarvettvangur ESB.

Norðurslóðanetið mun standa

fyrir tveimur málstofum, annars vegar málstofu um endurnýtanlega orkugjafa og hins vegar um svæðasamtarf við Barentshaf. Það verður Páll Brynjarsson, bæjarstjóri í Borgarbyggð, sem mun tala fyrir hönd íslensku landshlutasamtakanna.



Útskriftarferð Eyrarskjóls í Vigur

Elsti árgangur leikskólanema við Eyrarskjól á Ísafirði fór í útskriftarferð í Vigur í síðustu viku. Það er árlegur viðburður að útskriftarárgangur leikskólans fari í vorferð í Vigur enda er þar margt áhugavert að skoða fyrir forvitna púka. Börnin fengu að skoða húsdýrin í eyinni og má gera ráð fyrir að nýfæddu lömbin hafi vakið lukku meðal barnanna. Þetta er sautjándi árið í röð sem Sjóferðir Hafsteins og Kiddýjar fara með leikskólabörn í útskriftarferð í Vigur.

– thelma@bb.is

Líffræðileg fjölbreytni á Snæfjallaströnd

Umhverfisráðherra vill friða svæðin Snæfjallaströnd-Kaldalón og Látrabjarg-Rauðasand. Samkvæmt ályktun sem lögð hefur fyrir Alþingi skal á næstu fimm árum vinna að friðlýsingu þrettán svæða til þess að stuðla að traustri verndun íslenskrar náttúru og framkvæmd alþjóðlegra samninga um náttúruvernd hér á landi. Tilgangurinn er að koma upp neti verndarsvæða til þess að tryggja verndun landslags, náttúru og líffræðilegrar

fjölbreytni, þess sem sérstætt er í náttúru landsins, fágætt eða í hættu og að friða náttúrleg landsvæði til náttúruverndar, vísindarannsókna, vöktunar og útivistar.

Stefnt er að því að svæðið Látrabjarg-Rauðasandur verði friðlýst í ár. Svæðið er um 486 km² að stærð og tilheyrir sveitarfélaginu Vesturbyggð og eru fjölmargir eigendur að svæðinu, bæði einstaklingar og hið opinbera. Núverandi landnotkun er landbúnaður, sem er þó minni en

áður og byggð dreifðari, og ferðabjónusta. Rekin hefur verið ferðabjónusta í Breiðavík yfir sumartímenn, safn er á Hnjóti, en svæðið er vinsæll viðkomustaður ferðamanna, sérstaklega vegna þess hversu aðgengilegt bjargið er. Nokkur eggjataka hefur verið stunduð í bjarginu og fiskveiðar með ströndinni.

Í ályktuninni segir að á svæðinu Snæfjallaströnd-Kaldalón sé mikil líffræðileg fjölbreytni og gróðurfar sérstætt með háu hlut-

falli sjaldgæfra plöntutegunda. Svæðið er að stórum hluta á náttúrumínjaskrá fyrir fjölbreytt og mikilfenglegt landslag með hrikalegum fjöllum, ýmsum berggerðum, jökulgörðum og óshólmum og vegna þess að þar er fjölskrúðugur gróður og dýralíf. Svæðislýsing: „Fjalllendi með hrikalegum fjöllum, grónum dölum og hlíðum. Landslag er fjölbreytt og mikilfenglegt og Drangajökull setur svip sinn á svæðið. Gróðurfar er fjölbreytt

og sérstætt því þarna er að finna óvenjuhátt hlutfall sjaldgæfra plöntutegunda“, segir í svæðislýsingu.

Markmið friðlýsingarinnar er verndun búsvæða margra fágættra plöntutegunda, þar á meðal nokkurra tegunda á vólsta. Með búsvæðavernd tegundanna er stuðlað að því að tryggja viðhald líffræðilegrar fjölbreytni svæðisins, samanber markmið samnings um líffræðilega fjölbreytni og evrópsku áætlunina um plöntuvernd á árabílinu 2008–2014.

Brennið þið, vitar! Listahátíð í vitum umhverfis Ísland

**Verið velkomin á sýningu Curvers
Thoroddsen, Sliceland–Vestustu
pizzur í Evrópu, í Bjargtangavita**



Á sama tíma sýna:

Unnar Arnar, **Staðarskálann**, í Dalatangavita á Austfjörðum

Ásdís Sif Gunnarsdóttir, **Assan yrkir**, í Kópaskersvita við Öxarfjörð

Gjörningaklúbburinn **Vitaskuld**, **auðvitað**, í Garðskagavita á Suðurnesjum

www.listahatid.is

Brennið þið, vitar! verður opin frá 17. maí til 3. ágúst 2009

Opnunartímar á Listahátíð: 17. – 31. maí, daglega (utan mánudaga), kl. 13-18

Opnunartímar í sumar: 1. júní – 3. ágúst, fimmtudaga – sunnudaga, kl. 13-18

MENNINGARRÁÐ
VESTFJARÐA



Spurningin

Hygla stjórnvöld
fyrirtækjum í eigu
ríkisbankanna?
Alls svöruðu 286.
Já sögðu 212 eða 74%
Nei sögðu 74 eða 26%

Netspurningin er birt viku-
lega á bb.is og þar geta
lesendur látið skoðun sína
í ljós. Niðurstöðurnar eru
síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:
Hæglætisveður, skýjað
og lítilsháttar væta öðru
hvoru. Hiti 8-15 stig.
Horfur á laugardag:
Hæglætisveður, skýjað
og lítilsháttar væta öðru
hvoru. Hiti 8-15 stig.
Horfur á sunnudag:
Hæglætisveður, skýjað
og lítilsháttar væta öðru
hvoru. Hiti 8-15 stig.

**Ertu orðin(n)
áskrifandi?
Það er mun
óðýrara
að vera
áskrifandi?
Síminn er
456 4560.**

Útgefandi:
H-prent ehf.,
kt. 600690-1169,
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður,
sími 456 4560, fax 456 4564

Ritstjóri:
Sigurjón J. Sigurðsson,
sími 892 5362, bb@bb.is

Blaðamenn:
Thelma Hjaltadóttir,
símar 456 4693 og 849
8699, thelma@bb.is
Birgir Olgeirsson, símar
456 4560 og 867 7802,
birgir@bb.is

Ritstjóri netútgáfu bb.is:
Sigurjón J. Sigurðsson

Ljósmyndari:
Halldór Sveinbjörnsson, sími
894 6125, halldor@bb.is.

Ábyrgðarmenn:
Sigurjón J. Sigurðsson
og Halldór Sveinbjörnsson
Lausasöluverð er kr. 400
eintakið með vsk. Veittur er
afsláttur til elli- og örorku-
lífeyrisþega. Einnig sé greitt
með greiðslukorti.

Önnur útgáfa:
Ferðablaðið
Á ferð um Vestfirði. ·
ISSN 1670 - 021X



Frá Bolungarvík.

Allar stöður í Bolungarvík mannaðar réttindakennurum

Í fyrsta skipti í sögu Grunn-
skóla Bolungarvíkur verða allar
kennarastöður mannaðar rétt-
indakennurum á næsta kennslu-
ári. Þetta kom fram á fundi fræð-
slumála- og æskulýðsráðs Bol-

ungarvíkur á dögnum. Þar var
einnig greint frá því að skólastjóri
hefur sótt um 346,5 kennslu-
stundir fyrir næsta skólaár, en
það er fyrir utan stuðningskenn-
slu sem er ekki enn búið að meta.

Ekki er gert ráð fyrir vetrarfrí
næsta vetur. Þá hefur skólastjóri
lýst yfir áhuga um meira samstarf
milli grunnskóla og félagsmið-
stöðvar varðandi starfsemina.
Einnig var greint frá því á

fundinum að vel hefur gengið
með Olweusarverkefnið svokall-
aða en vantað hefur upp á utan-
aðkomandi eftirfylgni með ár-
angri þess.

– thelma@bb.is

„Skemmdarverk á sjávarútveginum“

„Þetta er í rauninni hreint skemmd-
arverk sem að verið er að vinna á
sjávarútveginum með þessu tali,“
sagði Einar K. Guðfinnsson, fyrr-
verandi sjávarútvegs- og land-
búnaðarráðherra nýverið í viðtali
í þættinum Auðlindin á Rás 1.
Þar gagnrýndi hann harðlega fyr-
irhugaða fyrningarleið stjórn-
valda í sjávarútvegi og fullyrti
að fréttir af þessum væntanlegu
aðgerðum væru þegar farnar að
hafa neikvæð áhrif. „Það auðvit-
að birtist í því að það er orðin full-
komin óvissa í kringum rekstr-
arskilyrði sjávarútvegsins og þeir

sem að starfa í greininni fara
auðvitað strax að bregðast við,“
sagði Einar K. í viðtalinu. „Þeir
gera sér ljóst að þessi aðferða-
fræði sem þarna er verið að boða,
hún mun veikja sjávarútveginn
og þá fara menn auðvitað strax í
það að reyna að halda að sér
höndum, reyna að búa sem best
um sig. Draga til dæmis úr fjár-
festingum, hætta við kaup á tækni-
nýjungum sem aftur hefur þau
áhrif að það veikir þjónustugrein-
arnar í kringum sjávarútveginn
og þannig mætti áfram telja. Þetta
er í rauninni hreint skemmdar-

verk sem að verið er að vinna á
sjávarútveginum með þessu tali.“

Þegar hann var inntur eftir því
af hverju sjávarútvegurinn þylði
ekki 5% fyrningu þegar hann
hefði þolað 30% niðurskurð þorsk-
kvóta fyrir tveimur árum svaraði
hann: „Þetta er ekki bara 5%
fyrning, þetta er 5% fyrning á ári
og það er alveg ljóst mál að hún
mun fyrst og fremst gera það að
verkum að framlegðin, það sem
menn hafa til þess að greiða af-
borganir og vexti, mun fyrst láta
undan og smám saman mun lífs-
þrótturinn þurrkast upp í grein-

inni,“ sagði Einar.Hann sagði
ennfremur að ekki væri hægt að
líkja fyrningaráformum við tíma-
bundinn niðurskurð, sem hefði
það að markmiði að stækka veiði-
stofna þannig að veiðiheimildir
ykjust að nýju. „Þannig að menn
geta komist yfir slíkar tímabundn-
ar skerðingar en þegar verið er
með markvissum hætti að draga
úr tekjumöguleikum greinarinnar
án þess að skuldapakkinn lækki,
þá gegnir auðvitað alveg þverfö-
ugu máli,“ sagði Einar Kristinn
Guðfinnsson.

– birgir@bb.is

Ritstjórnargrein

Hjörð á hirðis

„Sparisjóðirnir voru stofnaðir til að þjónusta smærri fyrirtæki og einstaklinga, hver á sínu starfssvæði, styrkja stöðir atvinnulífs og efnahags í sinni heimabyggð. Þannig voru og sparisjóðirnir reknir árum og áratugum saman – og hagnaður af starfseminni var lagður í varasjóð, sem falla átti til menningar- og líknarmála, ef sparisjóður hætti starfsemi. Stofnfjáreigendur lögðu fram hóflega fjárhæð og fengu yfirleitt greiddan dágóðan arð. Þeir vissu að þeir áttu ekki tilkall til herra verðs fyrir bréfin sín en sem svaraði framreiknuðu nafnverði þeirra. Um þetta allt voru skýr ákvæði í lögum. Stofnfjáreigendur undu glaðir við sitt – þeir voru í hópi þeirra sem vildu vinna sinni heimabyggð.“

Hér er vitnað til upphafs greinar eftir Jón G. Tómasson, formann stjórnar SPRON 1976-2004, (Vestfirðingum að góðu kunnur sem sveitar- og lögreglustjóri í Bolungarvík á árum áður) sem birtist í Morgunblaðinu 7. apríl síðast liðinn.

Grein Jóns vekur upp margar spurningar vegna fréttu um stöðu fjölda sparisjóða; stofnana sem margar hverjar höfðu verið stolt og kjölfesta atvinnulífs smærri byggðarlaga áratugum saman, en sæta nú dapurlegum örlögum eftir að hafa lagt allt sitt pund við fætur stórgróðaguðsins, sem reyndist þegar allt kom til alls eins og hvert annað innihaldslaut skurðgoð.

Ekki er undarlegt þótt mörgum sviði örlög sparisjóðanna, sem urðu til með samtakamætti og framlögum einstaklinga, eftir efnum og ástæðum, með þá von í brjosti að með stofnun þeirra væri stigið skref til að stuðla að blómlegri byggð og aukinni velferð íbúanna. Nú blasir hins vegar við að fjöldi þeirra hefur orðið fyrirhyggjuleysi að bráð. Og litlar líkur á að þeir sem tóra nái fyrri stöðu.

Næsta víst er að frumkvöðlarnir „undu glaðir við sitt“ og gera eflaust enn í þeim tilvikum þar sem sparisjóðirnir báru gæfu til að vera trúir tilgangi sínum en skelltu sér ekki hugsunarlaust í hrunadansinn kringum gullkálfinn í von um einhvern stjarnfræðilegan gróða.

Er ekki komið á daginn að sameining sparisjóða, landshorna á milli, sem básúnuð var með fjálglefum hætti sem lausn allra vanda-
mála, var ekkert annað en ásælni þeirra stóru til aukinna umsvifa á kostnað hinna smærri? Að þarna gildi sama lögmál og í dýraríkinu?

Þótt nú sé svo komið að sumir sparisjóðanna hafi allt að því orðið að segja sig til sveitar er sú von enn til staðar að reynt verði að hefja þá sem af lifa til fyrri vegs og virðingar. Frumkvöðlarnir eiga það skilið.

Það má ekki henda að sparisjóðirnir dagi allir að lokum uppi í eyðimörkinni líkt og hjörð án hirðis.

s.h.



Samantekt frá samráðsfundi sveitarfélaga vegna efnahagsvandann hefur verið send til sveitarfélaga. Hefur hún verið lögð fram til kynningar í bæjarráði Ísafjarðarbæjar.

Nauðsynlegt að upplýsa íbúana um stöðu mála

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar og formaður Sambands Íslenskra sveitarfélaga, segir ljóst að þjóðin verði lengur að glíma við þann vanda sem hún glímir við en vænst var í upphafi. Á samráðsfundi sveitarfélaga um efnahagsvandann sagði Halldór umræðuna um erfiða stöðu sveitarfélaganna hafa valdið óróleika meðal starfsmanna þeirra og vakið upp áhyggjur hjá stéttarfélögum þeirra. Það væri ekki hægt, í því árferði sem nú ríkir, að ræða málin án þess að það hreyfði við einhverjum. Umræðan yrði að vera varfærin

en þó hreinskiptin og sveitarstjórnarmenn yrðu að gefa upplýsingar um þá grafalvarlegu stöðu sem við væri að fást. Þetta kemur fram í samantekt frá fundinum sem send hefur verið sveitarfélögum.

Á fundinum fór Halldór Halldórsson yfir þann lagaramma sem snýr að grunnþjónustu sveitarfélaganna, einkum félagsþjónustu, rekstri grunnskólans, leikskóla og tónlistarskóla. Vakti hann sérstaka athygli á því að nú kæmi berlega í ljós hve erfitt væri að bregðast við þegar lögjöfin er mjög nákvæm um út-

færslu verkefnanna. Það styddi þá stefnu sambandsins til langs tíma að öll löggjöf sem varðaði verkefni sveitarfélaganna ætti að vera rammalöggjöf, þannig að sveitarfélögin gætu útfært framkvæmdina eftir aðstæðum í hverju sveitarfélagi. Benti hann jafnframt á ýmsar hagræðingaraðferðir í grunnskólum og leikskólum sem sveitarfélög gætu nýtt sér.

Meðal þeirra sem tóku þátt í almennum umræðum var Elías Jónatansson bæjarstjóri í Bolungarvík en meginmáli ræðumanna kom fram að sveitarfélög-

in eru komin lengra en ríkið í raunverulegum niðurskurði. Mörg sveitarfélög hafa ákveðið að draga úr þjónustu og endurskoða gjaldskrár. Bregðast þarf við til lengri tíma, menn standa frammi fyrir því að fækka stöðugildum í sveitarfélögunum.

Mikilvægt er að upplýsa íbúa og starfsmenn sveitarfélaganna um stöðu mála og þær aðgerðir sem eru í umræðunni. Einnig kom fram að sveitarfélög gætu þurft að samræma viðbrögð ef nýtt fasteignamat sem birt verður í maí hefur lækkað mikið.

– thelma@bb.is

Tvö fyrirtæki gjaldþrota í apríl

Tvær kröfur um gjaldþrotaskipti bárust Héraðsdómi Vestfjarða í apríl og hafa tíu kröfur borist til dómsins frá áramótum. Í apríl voru 85 fyrirtæki tekin til gjaldþrotaskipta á landinu öllu samanborið við 52 fyrirtæki sama mánuði í fyrra. Þetta jafngildir rúmlega 63% aukningu á milli ára. Flest gjaldþrot eða 27 voru í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð og 18 í heild- og smásöluverslun. Fyrstu fjóra mánuði ársins urðu 346 fyrirtæki gjaldþrota samanborið 227 fyrirtæki á sama tímabili í fyrra.

Fyrirtækið Creditinfo spáir því að 77 fyrirtæki fari í þrot á Vestfjörðum á þessu ári, eða 2,2% af þeim 3.500 fyrirtækjum sem Creditinfo spáir að fari í gjaldþrot á landinu öllu á árinu. Ef spáin rætist þýðir það að rúmlega þrettán fyrirtæki fari í þrot á landinu öllu á degi hverjum. Um 30 þúsund fyrirtæki eru skráð hér á landi og samkvæmt því er ríflega tíunda hvert félag á leið í þrot.

Á tímabilinu frá 2004 til 2007 fóru að meðaltali um 1.150 fyrirtæki í þrot á ári. Það er tæplega þriðjungur af þeim 3.500 gjaldþrotum sem Creditinfo spáir á árinu 2009. Creditinfo skilgreinir þrot þannig að fyrirtækið verði ógjaldfært, lendi til dæmis í árangurslausu fjárnámi eða gjaldþroti.

– birgir@bb.is



410 4000 | landsbankinn.is

156 / ÍSAFJÖRÐUR

Þórdís er búin að vera sjómannskona í 25 ár. Hún og 11 aðrir taka vel á móti þér í Pólgötunni.

- Við leggjum okkur fram um að veita þér persónulega þjónustu.
- Við förum yfir kjörin sem þér bjóðast og svörum spurningum þínum.
- Við veitum einstaklingum og fyrirtækjum aðstoð við að skipuleggja fjármálin.

Komdu við í útibúinu í Pólgötu 1, Ísafirði eða hringdu í okkur í síma 410 4000.

 **Landsbankinn**

Rækjukvóta úthlutað

Tvö skip frá Ísafirði eru meðal þeirra tólf skipa sem Fiskistofa hefur úthlutað rækjukvóta á Flæmingja-grunni fyrir yfirstandandi ár, samtals 15.300 tonnum. Íslensk skip hafa ekki nýtt sér þennan kvóta síðustu árin vegna þess að ekki hefur þótt svara kostnaði að sækja hann.

Af einstökum skipum er Hákoní EA úthlutað stærsta kvótanum, liðlega 5.400 tonn-um, en að því er fram kemur í Fiskifréttum mun þar vera á ferðinni kvóti Péturs Jóns-sonar RE sem hélt þessar veiðar lengst út íslenskra skipa og var síðan seldur úr landi. Næstmestan kvóta í þessum veiðum hefur Rammi hf. eða tæp 3.000 tonn og þar á eftir kemur Samherji með liðlega 1.700 tonn.



Vilja ný- jar reglur

Fræðslunefnd leggur til við bæjarstjórn Ísafjarðar-bæjar að afgreiðslum um-sókna, um greiðslu kennslu-gjalda vegna tónlistarnáms utan lögheimilissveitarfé-lags fyrir skólaárið 2009-2010, verði frestað þar til nýjar reglur verða samþykkt-ar. Á síðasta fræðslunefndar-fundi var lögð fram saman-tekt grunnskólafulltrúa, um reglur tíu sveitarfélaga sem svöruðu fyrirspurn um hvern-ig þeirra reglum væri háttað.

Í ljós kom að flest sveitar-félög eru ekki að greiða nið-ur kennslukostnað vegna tónlistarnáms utan lögheim-ilissveitarfélags. Í kjölfarið fjallaði nefndin um mikil-vægi þess að Samband ís-lenskra sveitarfélaga og menntamálaráðuneytið kom-ist að niðurstöðu um hver skuli greiða kostnað vegna tónlistarfræðslu utan lög-heimilissveitarfélags.



Inn að beíni

Eyrún Arnarsdóttir,
útskriftarnemi við Verzlunarskóla Íslands,
píanó- og söngnemi við Tónlistarskóla FÍH

Þrátt fyrir ungan aldur hefur Eyrún Arnardóttir vakið athygli Vestfirðinga fyrir fallega söngrödd. Hún er einnig mjög efnilegur tónsmiður. Hún sækir nám við Tónlistarskóla FÍH samhliða námi við Verzlunarskóla Íslands. Draumurinn er að geta lifað af á tónlistinni en hún ætlar sér þó að hafa eitthvað við bakhöndina. Hana dreymir því líka um að verða lækni.

Afdrifaríkasta ákvörðun lífs þíns?

Að flytja suður eftir grunnskóla og fara í nám í Reykjavík.

Hvar langar þig helst að búa?

Ég vil enda fyrir vestan.

Hver var hamingjusamasta stund lífs þíns?

Þegar bróðursonur minn fæddist, 6. mars 2006.

Mestu vonbrigði lífs þíns?

Hef sem betur fer ekki lent í miklum vonbrigðum hingað til.

Mesta uppgötvunin í lífi þínu?

Pass.

Uppáhaldslagið?

Stand by your man er eitt af mörgum uppáhalds.

Uppáhaldskvikmyndin?

Grease.

Uppáhaldsbókin?

Ein til frásagnar og Góði dátinn Svejkr

Ógleymanlegasta ferðalagið?

Það var sumarið 2006 þegar ég fór með Lenu vinkonu í smá ferðalag um landið með nóg af músík og tjald.

Uppáhaldsborgin?

Heidelberg heillar mig mjög.

Besta gjöfin?

Flygillinn minn.

Telur þú að líf sé á öðrum hnöttum?

Já, klárlega.

Hvaða hlut geturðu alls ekki verið án?

Gleraugna eða linsa.

Fyrsta starfið?

Barnapía.

Draumastarfið?

Tónlistarmaður, tónsmiður og lækni.

Hvaða frægu manneskju hefur þér verið líkt við?

Söngröddinni hefur verið líkt við

Heru en annars man ég ekki eftir neinni.

Fallegasti staðurinn á Íslandi?

Ég hef ekki verið nógu dugleg við að skoða, það verður vonandi breytt eftir sumarið.

Skondnasta upplifun þín?

Ég og Lena vinkona vorum að gista í tjaldi rétt hjá Laugarvatni og við höldum að það væri einhver fyrir utan tjaldið. Við urðum svo hræddar að við eyddum ábyggilega hálf tíma í að tala um hve langt við værum komnar í karate til þess að reyna að hræða meinta ofbeldismenn í burtu. Okkur fannst þetta ekkert skondið þá en hlæjum oft að þessu í dag.

Aðaláhugamálið?

Tónsmíðar, að spila á píanó og syngja.

Besta vefsíðan að þínu mati?

www.tonlist.is.

Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór?

Píanókennari og söngkona.

Hver er þinn helsti kostur að þínu mati?

Ég er samviskusöm.

En helsti löstur?

Ég á erfitt með að segja nei.

Besta farartækið?

Flugvél.

Hver er uppáhaldshátíðardagurinn þinn?

Án efa aðfangadagur.

Hvaða manneskju lítur þú mest upp til?

Ég lít upp til svo margra. Reyni að taka mér til fyrirmyndar bestu kosti hvers og eins í kringum mig. **Ef þú mættir heita hvað sem er, hvað myndirðu heita?** Ég myndi halda mig við mitt nafn, kann ágætlega við það. **A hvaða tíma sólarhrings kanntu best við þig?**

Um og eftir kvöldmat.

Í hvaða stjörnumerki ertu?

Ég er í fiskunum.

Lífsmottóið þitt?

Að gera eins vel og maður getur, annars er ekki hægt að ætlast til af manni.

Ekki lengur sniðugir heldur góðir

Vinsældir önfirski karlakórsins Fjallabræðra ætla engan endi að taka. Upphaf hans má rekja til sumarsins 2006 þegar Halldór Gunnar Pálsson, tónlistarstjóri kórsins, fékk þá flugu í hausinn hversu skemmtilegt það yrði að fá karlakór til að syngja í 25 ára afmælisveislu sinni. Um sumarið voru teknar upp fyrstu prufurnar af lögunum og um haustið hóaði Halldór saman í kór sem tók upp fyrstu plötu þeirra bræðra í kirkjunni í Þorlákshöfn.

Kunnátta kórsins á raddsviðinu var ekki ýkja mikil. Þeir voru einungis tólf eða fjórtán sem sungu inn á plötuna og skiptust á að syngja bassa, baritón og tenór. Allir spreyttu sig á hverri rödd. Ef einhver náði ekki upp eða niður var hann tekinn afsíðis og settur í skammarkrókinn á meðan þeir raddháu eða lágu sungu inn á lögin.

Síðan eru liðin þrjú ár og tónleikarnir eru orðnir ívið fleiri en kórinn bjóst við og miklar mannabreytingar í honum. Kórinn skipa tugir karla og sjö manna hljómsveit, þar á meðal ein stúlka á fiðlu. Þegar platan kom út var kórinn í því að reyna að spila á tónleikum. Eithvað gekk það þó erfiðlega því ekki fengust nógu margir til að mæta í hvert sinn og alltaf kom eitthvað upp á sem olli því að þau forfölluðust.

Tíminn leið og lítið gerðist hjá kórnum. Það var ekki fyrr en Halldór Gunnar fékk símtal þar sem kórinn var beðinn um að spila á árshátíð Landsbankans í Egilshöll árið 2007. „Hún var ekkert slor,“ segir Halldór Gunnar. Kórinn var þar leyniatriði í kokkteilboði og upp úr því segir Halldór kórinn hafa farið á fleygi-ferð.

„Við spiluðum út um allt upp úr því. Toppurinn var eflaust þegar við spiluðum á stórtónleikum Rásar 2 á Miklatúni í fyrra. Svo tókum við auðvitað á móti íslenska landsliðinu í handbolta þegar það kom heim frá Ólympíuleikumum. Síðan tókum við þátt í landssöfnun fyrir krabbameinssjúklinga og fleira í þeim dúr og alls konar fjör og læti.“

Ekki kór heldur náttúruafli

– Það er kannski erfitt fyrir þig að útskýra það, en hvað varð til þessarar áhugavakningar á kórnum? Hvað er það við hann sem fólk er að kaupa?

„Það var einhver sem sagði við mig að við værum ekki hljómsveit og ekki kór. Við værum meira náttúruafli heldur en eitthvað annað. Það er einhver kraftur, einhver tilfinning sem

fólk er að kaupa. Það er kannski þetta eitthvað sem fólk er að leita að.“

– Það er einhver sjarmi yfir þessu?

„Já, það er náttúrlega einhver sjarmi yfir þessum kór. Þetta eru ungir menn í umhverfi sem vanalega eldri menn eru í að spila tónlist sem svona hljómsveitir spila vanalega ekki og að mestu leyti frumsamin tónlist. Vanalega er það kannski með eldri mönnum, með fullri virðingu fyrir eldri mönnum, á öðrum stöðum.“

Orðnir helvíti góðir

Halldór segist mjög sáttur með þróunina á kórnum. Stígandinn hefur verið góður í honum og tónlistarstefnan hefur mótast til hins betra. „Ótrúlegir hlutir gerast enn. Fjallabræður sungu fjórraddað í Miðgarði í Skagafirði með karlakórnum Heimi með nótnablöð. Ég sá ekki fyrir mér slíkan hlut gerast þegar við tókum upp fyrstu plötuna, þá sungu allir bassann, allir baritón og allir tenór. Svo var þessu bara skeytt saman og menn hváðu þegar einhver tók sig til og raddaði. Við getum líkast til allt í dag ef við fáum smá tíma til að æfa okkur.

Gæði kórsins eru þannig að hann er ekki lengur bara sniðugur heldur erum við bara orðnir helvíti góðir. Ég get alveg trúað því að sumum hafi þótt kórinn svolítið krúttlegur til að byrja með, strákarnir að vestan að góla eitthvað saman. En við erum bara búnir að leggja mjög mikla vinnu í dag við að æfa okkur og gera þetta að einhverju meiru en bara sniðugum kór.“

Klára verkefni

– síðan plötuna

Kórinn er við vinnu á nýrri plötu en Halldór segist ekki alveg klár á hvenær þeir klára hana.

„Við erum að leggja gríðarlega mikla vinnu í kórinn og án ábyrgðar held ég að ég geti fullrytt að við séum eini kórinn sem ekki fer í sumarfrí, það er mikið að gera hjá okkur. Þá gefst lítil tími í að vinna og koma öllu heim og saman. Ég er svona eiginlega búinn að ákveða það að klára verkefni sumarsins og koma svo með plötu. Hún er að mestu leyti klár. Það á eftir að klára að syngja nokkra tóna inn á hana.“

Sinna öllum verkefnum af metnaði

Gífurlegur metnaður er í kór-félögunum og þeir láta ekkert stoppa sig í að syngja á tónleikum sem kórinn er ráðinn í. Hvort



Halldór Gunnar Pálsson, tónlistarstjóri Fjallabræðra. Ljós: Ernir Eyjólfsson.

sem það eru stórtónleikar eða fermingar kórfélaga, þá mæta kórinn og hljómsveitin til leiks.

„Þetta er nefnilega orðið þannig núna að þetta er enginn barningur lengur að fá menn til að syngja í kórnum. Menn bara mæta á tónleika. Þeir hafa sín áhugamál og sinna sínum félagsstörfum en kjarni kórsins er orðinn þéttur. Það sem hefur gerst með þennan kór er að hann byrjaði sem Önfirðingakór og reyndar einn Víkari. En núna hafa safnstjórnir menn frá öllum fjórðum á Vestfirðum. Mér finnst það alveg frábært. Ég er að kynna mönnum þar sem ég þekki kannski bara foreldra þeirra eða börnin þeirra, en ég veit hverjir þeir eru og kórinn tengir okkur saman, Vestfirðingana.“

Semja sálma fyrir jarðafarir sínar

– Þú þarft ekkert lengur að plata menn á tónleika, þeir bara mæta?

„Já, það er ótrúlegt hvað er hægt að fá þessa menn til að gera.“

– Sérðu eitthvað fyrir endann á þessum kór? Eða þú vilt kannski ekkert sjá fyrir endann á honum?

„Nei, við erum að vinna í því að semja sálma svo við getum jarðað hver annan. Ég ætla að vona að Fjallabræður syngi í jarðarförinni minni og verð frekar súr ef þeir gera það ekki.“

– En þegar þú stofnaðir kórinn, hafði þig einhvern tímann órað fyrir því hversu langt hann myndi ná?

„Nei, þegar við Ásgeir sem stofnaði með mér kórinn sátum heima hjá honum og sömdum fyrstu átta lögin, þá var ekki einu sinni búið að ákveða að þetta yrði svona stór kór. Ég blikka hann því oft eftir gíg og spyr

hann hvort hann hefði trúað því að við hefðum náð svona langt, og hann segist ávallt ekki trúa því.“

Reksturinn gengið upp og ofan

Halldór segir rekstur kórsins hafa gengið upp og ofan. „En þegar viljinn er fyrir hendi hjá mönnum við að klára þetta, hjá ungum mönnum sem eru að koma undir sig fótunum, þá erum við ekkert að væla. Við verðum alltaf að horfa til framtíðar. Einhvern tímann segir einhver Fjallabróðirinn þegar hann verður spurður hversu lengi hann hafi verið í þessum kór, að afi hans hafi verið í honum í fimmtíu ár og hann sé búinn að vera í honum í 23 ár,“ segir Halldór Gunnar Pálsson, tónlistarstjóri Fjallabræðra.

– birgir@bb.is

Við verðum að færa valdið út í héruðin á ný

— segir Kristinn H. Gunnarsson, sem situr ekki lengur á þingi en er vígreifari í pólitíkinni en nokkru sinni fyrr

Það er nýlunda fyrir Kristin H. Gunnarsson að sitja heima vestur í Bolungarvík meðan þingstörf eru á fullu fyrir sunnan. Eftir síðustu kosningar er hann ekki lengur þingmaður en fram að því átti hann að baki átján ára samfellda þingsetu. Reyndar hafa stjórmmál verið stærstur hlutinn af störfum hans í þrjátíu ár og hann átti sæti í bæjarstjórn Bolungarvíkur í sextán ár. Síðari hluti þess tíma-bils skaraðist við þingsetuna um nokkurt skeið.

„Já, ég er kominn vestur til sumarvalar hér heima í Bolungarvík meira og minna, hef hugsað mér að vera hér næstu mánuði eftir því sem hægt er. Ekkert farinn að svipast um eftir starfi og kem ekki til með að huga neitt alvarlega að því fyrr en kemur vel fram á sumarið“, segir hann.

Hins vegar situr Kristinn ekki auðum höndum fyrir vestan. Hann kveðst ekki vera hættur í pólitík. Það er á honum að heyra, að garðyrkjustörfin í sumar verði öllu frekar á þeim vettvangi en í garðinum við húsið, þó að væntanlega verði einnig hugað eitt-hvað að honum.

Þegar Kristinn er tekinn tali og spurður út í fortíð, nútíð og framtíð á þeim tímamótum þegar hann er ekki lengur á þingi verður honum greitt um svör varðandi nútíðina og framtíðina. Hann er uppteknari af stöðu Vestfjarða og landsbyggðarinnar allrar og framtíðinni í þeim efnum en uppgjöri við liðinn tíma.

Hugmyndir Kristins um framtíðina fyrir landsbyggðina eru nánast byltingarkenndar og svo virðist sem pólitískur áhugi hans og eldmóður hans sé meiri en nokkru sinni fyrr. Er þá nokkuð sagt.

„Ég hóf þátttöku í stjórnmálum með því að ganga í Alþýðubandalagið 12. nóvember 1979, þannig að á þessu ári eru þrír áratugir síðan ég hóf þessa vegferð. Þetta er það stór þáttur í mínu lífi að ég býst ekki við því að leggja þetta til hliðar. Að minnsta kosti fyrst um sinn verður hugurinn við þjóðmálin. Ég hef hugsað mér að halda áfram þátttöku í stjórnmálum þó að það sé auðvitað ekki ljóst á þessari stundu hvernig

það verður. Það skýrist þegar fram líða stundir.

Núna undanfarið hef ég hitt hér fyrir vestan hóp manna og við höfum rætt málin eins og oft áður. Greint stöðuna og reifað hugmyndir til úrbóta og það leynir sér ekki að það eru frjóir og baráttuglaðir menn í hópnum. Þessi hópur á bara eftir að stækka og eflast, vittu til.“

Harðir tímar framundan

— Sitthvað hefur breyst í samfélaginu á þingsetutíma þínum.

„Já, það hefur mikið breyst á þessum átján árum sem ég hef setið á þingi. Á þessum tíma hefur margt gengið þjóðinni í hag. Framfarir hafa verið miklar á ýmsum sviðum og lífskjör batnað mikið. Velferðarkerfið hefur vaxið og styrkst á þessum tíma. Í heildina hefur þetta verið velferðartími, en því er ekki að leyna, að á síðustu árum hafa Íslendingar lifað um efni fram, þó að það eigi vissulega ekki við um nærri alla. Margir hafa haft lítið milli handanna en býsna margir í þjóðfélaginu hafa haft það gott.

Efnahagsstjórninni hefur verið að mörgu leyti áfátt. Þannig hefur verið hér mikil þensla sem hefur verið haldið niðri með háu gengi. Þetta hefur síðan skapað fólks lífskjör sem hafa mikið verið byggð á erlendum lánum.

Núna er komið að skuldadög-unum. Framundan eru harðir tímar fyrir landsmenn nokkur næstu árin. Meginverkefnið er að ná tökum á erlendum skuldum þjóðarbúsins, hvort sem það eru fyrirtækin eða heimilin. Í grunninn er ráðið bara eitt: Að draga úr útgjöldum og borga niður skuldir. Það er verkefnið framundan. Ef það lánast sæmilega munu landsmenn komast út úr þessari kreppu á nokkrum árum og verða þrátt fyrir allt vel í stakk búnir að bæta lífskjörin að nýju.“

Vestfirðir hafa orðið verst úti

Kristinn segir að helsta áhyggju-efni hans sé staða landsbyggðarinnar.

„Hún hefur veikst mjög mikið síðustu tvo áratugina, sérstaklega í þeim hlutum landsins sem eru lengst frá höfuðborgarsvæðinu. Líklega hafa Vestfirðir orðið verst úti í þessari þróun. Ekki svo að skilja að hér sé vont að búa. Það er mjög gott að búa á Vestfjörðum eins og þeir vita sem hér eru og eiga hér gott líf. Engu að síður hefur hallað verulega undan fæti og sú þróun mun halda áfram ef ekki verða rót-tækar breytingar.

Núna eru þær aðstæður í þjóðfélaginu að það er hljómgrunnur fyrir grundvallarbreytingum og mögulegt að hrinda þeim í framkvæmd. Nú er þess krafist að samín verði algerlega ný stjórnarskrá og áform eru uppi um að kjósa stjórnlagabing til að semja hana. Þá held ég að rétt sé að nota tækifærið og styrkja stöðu landsbyggðarinnar í nýrri stjórnarskrá.“

Fólksfækkun og verðhrun á fasteignum

„Sem dæmi um það hvernig hallað hefur undan fæti má nefna, að á tuttugu ára tímabili hefur íbúum á Vestfjörðum fækkað um þriðjung. Það er meiri fólksfækkun á svo stuttum tíma en ég veit nokkur dæmi um annars staðar í Evrópu.

Tekjur hér hafa jafnframt lækkað mjög mikið í samanburði við tekjur á höfuðborgarsvæðinu. Síðast þegar ég vissi voru meðaltekjur hér komnar um 20% undir það sem var syðra. Áður voru þær hærri hér en þar. Við höfum misst mikið af unga fólkinu á barneignaraldri frá okkur. Aldursdreifingin er því mjög varasöm þegar okkur vantar þá kynslóð sem á að taka við.

Verð á fasteignum hér fyrir vestan hefur hríðfallið. Fyrir tuttugu árum var verð á íbúðarhúsnæði á Ísafirði um 72% af verði íbúðarhúsnæðis í Reykjavík. Á síðasta ári var það komið niður í 37%. Það hefur fallið um helming í samanburðinum.

Þessu má líka lýsa með tveimur tölum. Ef meðalíbúð á Ísafirði væri seld í dag á sams konar verði í samanburði við Reykjavík og

var fyrir tuttugu árum, þá ætti hún að seljast á 24 milljónir en ekki 12 milljónir, eins og raunin er. Ef við berum hins vegar saman verðið við meðalíbúð í Reykjavík, þá munar ekki 12 milljónum heldur er munurinn 21 milljón. Íbúð sem selst á 12 milljónir á Ísafirði selst á höfuðborgarsvæðinu á 33 milljónir.

Þessar tölur lýsa ekki gæfulegri þróun fyrir Vestfirðinga. Vegna hennar hefur fólk tapað miklum eignum. Það er ekkert sjálfsgefið að fólk sætti sig við þetta og segi að svona eigi það bara að vera. Hvers vegna ættu menn á landsbyggðinni að setta sig við að það sé gengið á þeirra hlut, eins og verði er að gera?

Þess vegna eigum við að nota tækifærið og segja: Gott og vel, núna viljum við búa til nýtt Ísland, núna ætlum við að semja nýja stjórnarskrá. Og þá skulum við hafa stjórnarskrána þannig að fólk um allt land geti unað við hana. Mér finnst að Vestfirðingar ættu að koma saman og ræða hvernig þeir vilja hafa stjórnarskrána, þannig að hún gæti hagsmuna þeirra.“

Héruðin hefðu fullt vald í eigin málum

„Sá hópur sem ég vísaði til í upphafi þessa viðtals hefur ákveðnar skoðanir á því. Við teljum að landsbyggðin eigi að ráða meiru um sín mál en hún gerir í dag. Við búum í alltof miðstýrðu þjóðfélagi þar sem völd og áhrif liggja öll hjá ríkisstjórninni. Þau liggja öll á höfuðborgarsvæðinu. Það dregur til sín verðmætin. Það dregur til sín lífskjörin. Utan þessa svæðis situr eftir fólk sem á undir högg að sækja.

Við verðum að breyta þessu. Það gerist ekki nema við færum valdið aftur út í héruðin. Ég tel að það eigi að skipta landinu í nokkur héruð sem yrðu miklu sjálfstæðari en sveitarfélög eru í dag.

Héruðin hefðu fullt vald í eigin málum. Þau myndu ráða menntamálum, heilbrigðismálum, samgöngumálum og umhverfismálum og hefðu fasta og örugga tekjustofna til að sinna sínum verkef-

um. Þau myndu líka ráða yfir sínum auðlindum og nýtingu þeirra, bæði hvað varðar sjávarútveg og orkumál. Við eigum ekki að þurfa að taka við miðstýrðum fyrirmælum að ofan.

Þingeyingar spyrja hvernig það megi vera að þeir fái ekki að virkja og nýta orkuna í héraðinu til að byggja upp atvinnulíf þar. Sunnlendingar spyrja hvers vegna orkan sem framleidd er á Suðurlandi skuli notuð til að skapa störf á höfuðborgarsvæðinu.

Þetta er ekkert eðlilegt. Það er vitlaust gefið í þjóðfélaginu og þess vegna eigum við að grípa tækifærið þegar krafan er um nýja stjórnarskrá, að það verði gefið upp á nýtt. Við eigum að beita okkur fyrir því að ný stjórnarskrá tryggi hagsmuni allra landsmanna.

Menn kunna að spyrja: Mun fólkið á höfuðborgarsvæðinu nokkurn tímann setta sig við stjórnarskrá þar sem landsbyggðin hefur forræði veigamikilla mála á sinni hendi?

Ég sný þessu við: Fólkið á landsbyggðinni mun ekki setta sig við stjórnarskrá þar sem við ráðum engu um okkar mál. Við skulum minnst þess, að bússáholdabyltingin fólst í því að fólkið tók málin í sínar hendur. Tók lögin í sínar hendur. Það var látið óátalið. Hvers vegna ætti þá ekki fólkið á landsbyggðinni að fylgja þessu fordæmi og koma því á framfæri af mikilli ákveðni hvernig það vill hafa hlutina þannig að staða byggðanna í landinu verði sterkari en hún er í dag?“

Héruðin haldi sín elgin þing

„Þetta er einmitt að mínu áliti mikilvægasta málefnið um þessar mundir, að tryggja að landið verði allt í byggð. Við vitum að fólk mun halda áfram að fækka víðast hvar á landsbyggðinni ef ekkert er gert og engu breytt. Eins og fyrirkomulagið er núna eru sveitarfélögin algerlega vanmáttug að verja byggðirnar. Við þolum ekki áframhaldandi fólksfækkun eins og verið hefur á síðustu tuttugu árum.

Staðan er einfaldlega þannig, að við verðum að taka málin í okkar hendur og snúa vörn í sókn. Við þurfum ekkert endilega að bíða eftir einhverju stjórnlagaþingi sem á að kjósa til á næsta ári. Miðað við hugmyndirnar hvernig eigi að kjósa til þess verða fyrst og fremst höfuðborgarbúar kosnir á það þing. Við eigum að halda okkar eigin þing í héruðunum og móta þar okkar eigin hugmyndir um það hvernig við viljum hafa hlutina, og sækja það af mikilli hörku.“

Misvægi atkvæða er gagnslaust

– Nú hafa kjósendur í Norð-vesturkjördæmi tvöfalt atkvæðavægi í þingkosningum á móti kjósendum í Kraganum syðra. Þar hallar að minnsta kosti ekki á landsbyggðina, nema síður sé. „Ef valdajafnvæginu verður breytt, þannig að fólkið á landsbyggðinni ráði sínum málum sjálft, þá má mín vegna vera fullt jafnvægi atkvæða til Alþingis-kosninga um land allt. Misvægi atkvæða er ætlað að styrkja stöðu landsbyggðarinnar en eins og við sjáum hefur raunin ekki orðið sú.

Það breytir engu hvort við höfum áfram átta eða níu þingmenn fyrir Norðvesturkjördæmi. Við verðum að færa ákvörðunarvald í veigamiklum málum heim í hérað og þá auðvitað vald yfir tekjunum líka.“

Óþolandi afskiptasemi

„Ef við lítum á umhverfismálin, hvernig má það vera að það skuli ekki vera hægt að endurbygga þjóðveginn um Barðastrandarsýslu árum saman vegna þess að hópur fólks á höfuðborgarsvæðinu beitir sér gegn því og fer með það fyrir dómstóla? Á meðan verðum við að halda áfram að keyra fimmtíu ára gamlan malarveg.

Við eigum að ráða þessu sjálf. Héruðin eiga að hafa valdið í sínum höndum. Við eigum að hafa okkar eigin skipulagsyfirvöld í héraði sem fjalla um leyfi til vegagerðar án þess að þurfa að spyrja einhver fuglafríðunarfélög í Reykjavík að því.

Hafa menn ekki tekið eftir því, að allur ófriðurinn vegna virkjana og stóriðju og vegagerðar er vegna framkvæmda sem ætlunin er að ráðast í utan höfuðborgarsvæðisins? Það heyrist varla í þessu ágæta fólki þegar verið er að umbýlta öllu höfuðborgarsvæðinu og leggja þar nýja vegi eða byggja álver í næsta nágrenni höfuðborgarsvæðisins, hvort sem það er í Hvalfirði eða á Suðurnesjum. En strax og komið er lengra út á land, þá er fjandinn laus. Þetta er óþolandi.“

Okkar tími er kominn!

– Fleyg og fræg eru orð Jóhönnu Sigurðardóttur, þegar hún tapaði í formannskjöri í Alþýðuflokknum fyrir fimmtán árum og stofnaði síðan Þjóðvaka: Minn tími mun koma! Þú hefur ekki síður en Jóhanna átt nokkra viðkomustaði í pólitíkinni. Mun þinn tími koma?

Kristinn hlær. „Það hugsa ég! Að minnsta kosti held ég áfram að vinna að pólitískum áhugamálum mínum og tala fyrir þeim. Ég vona að minn tími muni koma, í þeim skilningi að þær hugmyndir sem ég tala fyrir muni hljóta stuðning og brautargengi. Þar eru mér efst í huga þær hugmyndir sem ég reifa í þessu spjalli.

Ég vil hvetja fólk til dáða hér á Vestfjörðum að taka málin í sínar hendur. Við eigum ekki að láta segja okkur fyrir verkum. Við eigum ekki að lúta því að þiggja þá mola sem að okkur eru réttir og láta þar við sitja. Við eigum að halda okkar samkomu í sumar, okkar eigið stjórnlagaþing. Ég vil brýna fólk til að rísa upp og segja: Okkar tími er kominn!“

Fiskurinn á Vestfjarðamiðum

– Þú talar um verulegt sjálfstjórnarvald héraða. Hvernig sérðu fyrir þér skiptingu landsins í þeim efnum? Varla samkvæmt núverandi kjördæmum, heldur yrði til dæmis Vestfjarðakjálkinn þá væntanlega eitt þessara héraða, eða hvað?

„Já, ég á einmitt við það. Ég sé fyrir mér fimm til sex héruð utan höfuðborgarsvæðisins og þar lægi nokkuð ljóst fyrir að Vestfjarðakjálkinn yrði eitt þeirra. Þetta eru vissulega þekktar hugmyndir. Þær áttu töluverðu fylgi að fagna fyrir tuttugu til þrjátíu árum en voru illu heilli svæfðar á þeim tíma. Þess vegna hefur staða okkar versnað eins mikið og raun ber vitni.

Sveitarstjórnarstigið hefur ekki þá burði sem þarf til að landsbyggðin haldi velli. Þess vegna þurfum við að endurskipuleggja leikreglurnar. Það er engin hemja að allur sá fiskur sem er veiddur við Vestfirði skuli vera veiddur án þess að við höfum nokkur áhrif á það hverjir veiða hann, hvar honum er landað, hvar hann er unninn og hvert tekjurnar af honum renna.

Auðvitað eiga tekjurnar af nýtingu auðlindanna að renna til héraðanna ekki síður en til ríkisins. Ég reikna með að á Vestfjarðamiðum sé fiskaflinn ekki minni en það sem Færeyingar veiða, og halda þeir þó úti hartnær fimmtíu þúsund manna þjóðfélagi og lifa nær eingöngu á sjávarútvegi.“

Ekki neinir draumórar

– Gerirðu þér vonir um að þessar hugmyndir þínar séu raunhæf-



ar? Eru þetta ekki draumórar? Þó að Vestfirðingar stæðu saman, eru nokkrar líkur á því að hugmyndir af þessu tagi kæmust í framkvæmd? Er ekki valdið fyrir sunnan of sterkt og fólkið fyrir vestan of fátt?

„Valdið er vissulega fyrir sunnan og einmitt þess vegna eru hlutirnir eins og þeir eru. En það eru ekki draumórar að þessu sé hægt að breyta. Við sjáum að núna á þessum vetri hafa verið að gerast hérlandis hlutir sem hafa aldrei gerst áður. Búsáhaldabyltingin setti ríkisstjórnina af. Ríkisstjórnin var nánast grýtt í burtu. Það eru slík straumhvörf í stjórnmálunum að menn hafa ekki séð annað eins.

Núna er sterkasti flokkur landsins í áratugi ekki nema svipur hjá sjón. Framsóknarflokkurinn er ekki lengur næstöflugasti flokk-

urinn heldur kominn í fjórða sætið og orðinn minnstur fjórflokkanna, meira að segja á landsbyggðinni.

Þetta eru dæmi um hræringarnar sem eru í þjóðfélaginu. Þeim er vissulega ekki lokið. Við eigum að nýta okkur þessa stöðu og láta til okkar taka. Við þær aðstæður sem núna ríkja í samfélaginu eru það ekki draumórar að rísa upp með hagsmuni okkar að leiðarljósi. Þvert á móti er tækifærið einmitt núna. Eins og sagt er: Nú er lag.“

Ég verð á fullu!

„Næstu mánuði verð ég líklega að vinna með félögum mínum að því að kynna hugmyndirnar um sókn fyrir landsbyggðina og endurreisn Vestfjarða. Fara þarf um Vestfirði, kynna hugmynd-

irnar og stappa í fólk stálinu. Vinna að því að fá fólk til að opna augun og trúá því að núna er tækifæri til þess að gera þær breytingar sem eru okkur nauðsynlegar. Við höfum aldrei áður haft slíkt tækifæri. Ég verð á fullu í þessum stjórnmálum!“

– Er það rétt tilfinning að núna sé meiri pólitískur baráttuhugur í þér en nokkurn tímann áður?

„Líklega er það rétt. Áhuginn og eldurinn eru ekki minni en áður. Líklega meiri. Núna þegar ég er kominn út af þingi og farinn að hugsa málin síðustu vikurnar, þá er eins og eldurinn gjósi upp af meiri krafti. Það er kannski að sumu leyti gott að hvíla sig á daglegum verkefnum inni á Alþingi og koma sér í betri tengsl við þjóðfélagið og allan almenn-ing á ný“, segir Kristinn H. Gunnarsson.

Bloggið

Pabbi

Í þessari færslu ætla ég að fleygja grjótharðri karlmennskunni út í veður og vind og sýna á mér mjúku hliðina. Ætla að reyna að gefa smá sýn af fæðingu dóttur minnar frá minni hlið. Oft hefur maður séð hvernig mæðurnar upplifa þessa lífsreynslu en sjaldnar hvernig pabbinn upplifir þetta. [...]

Eftir smá barning en lítið vesen þá kom barnið í heiminn, gullfalleg, pínulítill stúlka sem var ekkert allt of mikið að grenja og öskra á okkur. Tilfinningin var ótrúleg. Ekki laust við smá dofa sem tók sér stað. Litla daman var komin upp á Helguna, öll í fósturfitu og enn tengd við naflastrenginn. Þá bara komu tár. Bæði hjá mér og hjá Helgu. Þetta var bara ótrúleg tilfinning. Lífið var bara best í heimi. Eftir þetta klippti ég á strenginn. Þarna fannst mér ég bara hafa sigrað heiminn. Við lágum bara saman ég og Helgan og dáðumst af dóttur okkar. Gátum varla hætt að horfa. Ljós móðirin hún Jóhanna tók dömuna næst og þreif hana, mældi og vigtaði. Eftir það fékk ég að halda á henni í fyrsta sinn og tilfinningin var bara ótrúleg. Veit ekki alveg hvernig er best að lýsa þessu. [...] Mig langaði bara að lyfta dóttur minni til himins og hlaupa sigurhring um fæðingardeildina með hana.

Guðmundur Guðjónsson – <http://studmundur.bloggar.is>

Þjóðnýting einbýlisherbergja

„Segjum að útgerðarfélag sé einstaklingur sem er búinn að kaupa einbýlishús. Hvernig litist eiganda hússins á að eitt herbergið yrði skyndilega þjóðnýtt? Síðan annað. En skuldirnar minnka ekkert á móti, eigandinn heldur áfram að borga af þeim eins og hann ætti allt húsið, en þarf að borga leigu af þessum þjóðnýtta hluta. Ætli viðkomandi húseiganda þætti þetta réttlátt?“ Svo mælir útgerðaraðili á Snæfellsnesi. Ég spyr á móti: 1. Hver gaf kaupendum kvóta óskorað leyfi til að líta á veiðiréttinn sem eign en ekki nýtingarrétt? Þeir sjálfir og er það réttlátt? 2. Hvar í stjórnarskrá er ljáð máls á ævarandi eignarétti einkaaðila á veiðiheimildum? Hvergi en samt láta hagsmunaaðilar eins og ekkert sé sjálfsagðara. Er það réttlátt? 3. Húseigendur margir hverjir í dreifbýlinu hafa víða misst „herbergi“ úr húsum sínum einmitt vegna kvótaumsýslu? Er það réttlátt? Vinding ofan af núverandi kerfi er algerlega nauðsynleg og firning ein leið til þess. Kannski væri hægt að lengja þennan tíma svo fjárfesting útgerðaraðila næði að borga sig, miða t.d. við 33 ár í stað 20.

Lýður Árnason – <http://lydurarnason.blog.is>

Tæknileg atriði

Tafir á afgreiðslu láns frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum er farið að valda skaða í efnahagsmálum okkar. Þessar tafir vekja spurningar um trúverðugleika efnahagsstefnu stjórnvalda, þær valda þrýstingi á krónuna og munu spila inn í ákvörðun um stýrivexti nú eftir hálfan mánuð. Það er marg búið að gera atrennu að stjórnvöldum og krefjast skýringa á þessum töfum. Og stjórnarliðar hafa komið sér upp frasa til þess að nota til þess að breiða yfir alvöru málsins. - Það eru svo kölluð „tæknileg atriði“ sem tefja dulítið afgreiðsluna, segja þeir og gera lítið úr vandræðum sínum. [...] En hver eru þessi tæknilegu atriði sem eru að þvælast fyrir ykkur, Jóhanna, spurði ég í gær og fékk svarið.

Það er svona eitt og annað. Tæknilegu atriðin sagði forsætisráðherrann eru smáatriði eins og alþingiskosningarnar, þær hafa tafið þetta. Nú svo auðvitað ríkisstjórnarmyndunin, þá vorum við upptekin við annað. Já, ekki má heldur gleyma því að það þarf að endurreisa bankakerfið. Og síðan þurfum við að leggja fram áætlun um ríkisfjármál sagði forsætisráðherrann aðspurð um tæknilegu atriðin.

Einar Kristinn Guðfinnsson – <http://ekg.blog.is>



Rólegt hefur verið yfir fasteignamarkaðnum á Vestfirðum síðastliðið ár.

Engin lækkun á fasteignaverði

Guðmundur Óli Tryggvason, fasteignasali hjá Fasteignasölu Vestfjarða, hefur ekki orðið var við neina lækkun á fasteignaverði á svæðinu, en nýlega gaf Fasteignaskrá Íslands það út að vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu hefði lækkað um 9,9% á

síðasta hálfa ári.

Eins og fram hefur komið er fasteignaverð mjög lágt á Vestfirðum og á sumum stöðum á Norðurlandi í samanburði við aðra landshluta. Samkvæmt samantekt sem Fasteignamat ríkisins birti í síðasta mánuði á fasteigna-

viðskiptum sem áttu sér stað á árinu 2008 var meðalverðið í Bolungarvík 55.440 krónur á fermetra og 95.942 krónur á Ísafirði.

Að sögn Guðmundar Óla hefur verið rólegt yfir markaðnum fyrir vestan síðastliðið ár.

– *thelma@bb.is*

Minna námsframboð og hagræðingar í kennslu

Halli var á rekstri Menntaskólans á Ísafirði á síðasta ári sem nam 14 milljónum króna, en árið á undan var 16 milljóna hagnaður af rekstrinum. Uppsafnaður halli var orðinn um 24 milljónir króna um síðustu áramót. Fjárheimildir voru skornar niður um 3% á þessu ári og boðaður hefur verið verulegur niðurskurður til framhaldsskóla á næstu þremur árum. Við þessu hefur verið brugðist með niðurskurði á námsframboði næsta skólaár og hagræðingu í kennslu sem nemur fjórum stöðugildum á næstu önn. Ekki verður ráðið í stöðu forvarnafulltrúa og dregið verður úr starfi félagsmálastjóra. Í staðinn verður augin áhersla lögð á þessa þætti í lífsleikni sem allir nýnemar taka á haustönn. Starf upplýsingatækni-

stjóra verður minnkað úr 80% í 30%.

Við gerð fjárhagsáætlunar um áramót var gert ráð fyrir að halli fyrri ára yrði greiddur niður á árinu og afgangur yrði af rekstrinum. Rauntölur fyrstu þrjá mánuði ársins eru nánast í samræmi við áætlun. Í lok apríl barst skól- anum nýr samningur um leigugjöld til Fasteigna ríkissjóðs. Samkvæmt samningnum mun leigan hækka um 54% á þessu ári og verður 65% hærri árið 2010 en hún var 2008. Það stefnir því í 8 milljóna króna tekjuhalla í stað 8 milljóna tekjuafgangs um næstu áramót ef þetta gengur eftir. „Þessum leigusamningi hefur verið mótmælt og verður hann ekki undirritaður óbreyttur enda er skólameistara óheimilt að

skuldbinda skólann umfram fjárheimildir“, segir í ræðu skólameistara sem hann flutti við skóla- slitin.

Samningum um leigu á íþróttahúsi var sagt upp í mars og er nýr samningur í undirbúningi. Að óbreyttu stefnir í að leigukostnaður ásamt ræstinga- og orku- kostnaði á þessu ári verði hærri en öll kennsla næstu annar.

„Vonast er til þess að niðurskurður og aðhald í rekstrinum á þessu ári dragi úr niðurskurði kostnaðar á næsta ári. Ekki er gert ráð fyrir frekari fækkun stöðugilda en verður á haustönn 2009 en meiri fækkun myndi þýða svo skert námsframboð að ársnemendum myndi fækka verulega“, sagði Jón Reynir Sigurvinsson skólameistari.

Bærinn kaupi stofnfé í Sparisjóði Bolungarvíkur

Sparisjóður Bolungarvíkur hefur óskað eftir að Bolungarvíkurkaupstaður kaupi stofnfé í sjóðnum. Meirihluti bæjarráðs Bolungarvíkur tekur jákvætt í erindið og leggur til við bæjarstjórn að bæjarráði verði falið að ganga til samninga við Sparisjóð Bolungarvíkur um kaup á stofnfé að upphæð um 25 milljónir króna sem greitt verði fyrir með hlutabréfum og fasteignum í eigu

sveitarfélagsins að því tilskyldu að ríkissjóður komi með 400 milljón króna stofnfjárframlagið. Leitað verði samþykkis Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga varðandi gjörninginn. Soffía Vagnsdóttir, oddviti Klistans, leggst eindregið gegn þeirri ósk Sparisjóðs Bolungarvíkur að sveitarfélagið kaupi stofnfé í sjóðnum.

„Ég mælist eindregið gegn ósk

Sparisjóðs Bolungarvíkur um kaup Bolungarvíkurkaupstaðar á stofnfé í bankanum. Margir óvissuþættir eru enn í stöðu bankans og mörgum spurningum ósvarað. Fjárhagur sveitarfélagsins er í klemmu og leyfir ekki þátttöku í áhættustarfsemi af þessu tagi. Að öðru leyti áskil ég mér rétt til að ræða málið frekar á komandi bæjarstjórnarfundi“, segir í bókun Soffíu.

– *birgir@bb.is*

Tólf sýni stóðust ekki kröfur

Tólf sýni af 31 sem tekið var úr sundlaugum og heitum pottum á Vestfjörðum á síðasta ári stóðust ekki viðunandi kröfur. „Það er tólf sýnum of mikið. Ýmsir

sjúkdómar, þar á meðal mjög alvarlegir, geta borist með baðvatni ef ekki er hugsað nægjanlega vel um sótthreinsun baðvatnsins“, segir í bréfi frá Heilbrigðiseftirliti

Vestfjarða sem tók þátt í eftirlitsverkefni fyrir sundlaugar á síðasta ári. Algengustu sjúkdómarnir sem tengja má sundlaugar-notkun við, eru sýkingar í slímhimnum svo sem í augum, eyrum, hálsi og nefi, og í sárum og rispum á húð. Samkvæmt erlendum rannsóknum á sjúkdómum á sjúkdómum sem tengjast sundlaugum eru um 60% sýkinga í slímhimnu, 20% magasýkingar og megnið af þeim 20% sem eftir eru, eru húðsýkingar.

Tilgangur eftirlitsverkefnisins var að kanna framkvæmd og skráningu klór og PH mælinga starfsfólks auk þess sem ákveðnir þættir öryggismála á sundstöðum svo sem þjálfun starfsfólks, öryggisreglur og neyðar- og við-



Ýmsir sjúkdómar geta borist með baðvatni. Myndin er úr myndasafni og tengist ekki með beinum hætti efni fréttarinnar.

bragðsáætlanir voru kannaðar. „Nokkuð vantaði upp á að innra eftirlit sundlauga á Vestfjörðum væri virkt. Við eftirlit kom í ljós í nokkrum tilvikum að sundstaðir voru áfram opnir þrátt fyrir bilanir í klórblöndunarúnaði.

Í sumar verður eftirlit með sundstöðum aukið og áhersla lögð á innra eftirlit sundstaða, þ.e. mælingar og skráningar á klórstyrk og sýrustigi vatnsins, starfsþjálfun og endurmenntun starfsfólks.

– thelma@bb.is



Þorleifur Pálsson bæjarritari Ísafjarðarbæjar, Gísli Jón Hjaltason, Hermann Þorsteinsson og Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar við undirskriftina.

Samningur undirritaður um viðgerðir

Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf. og Vestfirskir verktakar hafa undirritað samning um viðgerðir á fjölbýlishúsunum við Túngötu 13-15 á Suðureyri en samningurinn hljóðar upp á 22,9 milljónir króna. Gísli Jón Hjaltason, framkvæmdastjóri Fasteigna Ísafjarðarbæjar ehf., og Hermann Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Vestfiskra verktaka skrifuðu undir samninginn. Fjölbýlishúsin verða gerð upp að utan. Farið verður í steypuviðgerðir, gluggaskipti og smíðað anddyri á bæði húsin og þau síðan máluð að utan. Gísli

Jón segir áætlaðar framkvæmdir hafa staðið lengi til.

„Það var sannarlega komin þörf á að gera við húsin en menn hafa verið að bíða þess að ráðast í verkið eins og gengur og gerist þegar framkvæmdir eru dýrar. Okkur þótti heppilegt að nýta tímann núna í kreppunni til að geta gert samfélaginu og verk-tökunum eitthvað gagn,“ segir Gísli Jón. Hann segir ekki ákveðið hvort farið verði í jafn stórar framkvæmdir á næstu misserum en þau mál eru í skoðun.

– birgir@bb.is

Sveitarstjórnarmenn undir pressu?

Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps, segir sveitarstjórn Súðavíkurhrepps taka heilshugar undir þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að gera hlutlausu og faglega úttekt á áhrifum fyrningarleiðar í samræmi við stjórnarsáttmála þar um. „Ég undrast viðbrögðin [hjá sveitarstjórnarmönnum] og velti því fyrir mér þegar ég heyri henni andmælt af slíku offorsi að sveitarstjórnarmenn kunni að vera undir pressu frá útgerðarmönnum um að standa vörð um þeirra hag því annars selji þeir aflaheimildirnar í burtu. En þrátt fyrir þær mót-bárur þá vænti ég þess að sjávarútvegsráðherra standi við þau áform að láta gera þessa úttekt.“

Ómar Már segir mikið óöryggi fylgja kvótakerfinu og að sveitarstjórnarmenn hafi víða lent í þeirri óþægilegu stöðu að sjá sig knúna til að leggja fjármagn inn í fyrirtæki sem starfa í heima-byggð með það fyrir augum að tryggja atvinnulífið á svæðinu. En síðan hafi fyrirtæki hætt starfsemi þar nánast í kjölfarið, ýmist vegna þess að ekki hafi verið rekstrargrundvöllur fyrir þau lengur eða þá að þau hafi hreinlega verið seld. „Við settum 180 milljónir í slíkt fyrirtæki sem síðan hætti starfsemi einu og hálfu ári síðar og öllu starfsfólki var sagt upp,“ segir hann. Frá þessu er greint á visir.is.

– birgir@bb.is

Heyrnartækjapjónusta á Ísafirði

Árni Hafstað heyrnarfræðingur verður á Ísafirði við heyrnarmælingar og sölu heyrnartækja **miðvikudaginn 10. júní**

Mikið úrval vandaðra heyrnartækja í ólíkum verðflokkum

Heyrnartækni hefur um árabil verið með pjónustu fyrir heyrnarskerta á landsbyggðinni. Í dag veitum við reglulega pjónustu á 19 stöðum víðsvegar um landið

Nánari upplýsingar og tímapantanir í síma 568 6880 eða á www.heyrnartækni.is

Glæsibæ | Álftheimur 74 | 104 Reykjavík | www.heyrnartækni.is

Sumaropnun heilsugæslustöðva

Vegna sumarleyfa lækna og annars starfsfólks verður opnunartími heilsugæslustöðva sem hér segir:

Heilsugæslan á Suðureyri, í Súðavík og á Flateyri verður lokað frá 1. júní til 31. ágúst.

Heilsugæslan á Þingeyri verður opin frá kl. 09 á mánudögum.

Heilsugæslan á Ísafirði og í Bolungarvík. Óbreyttur opnunartími.


Læknavakt er óbreytt utan opnunartíma:

Læknavakt á Ísafirði, sími **863 8000**.

Læknavakt í Bolungarvík, sími **690 7600**.

Athygli er vakin á því að panta má tíma í síma 450 4500 á milli kl. 08:00 og 16:00 alla virka daga.

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða.



Es. Fanefjeld frá Bergen. Skipið var í eigu Harald Grieg Martins. Nortraship A/S annaðist leigu á öllum skipum Frjálsra Norðmanna í þjónustu bandamanna á stríðsárunum.

Óþekkti sjómaðurinn á Flateyri

Flateyringar leggja að venju blómsveig á leiði óþekkta sjómannsins í Flateyrarkirkjugarði á sjómannadaginn til minningar um þá sem horfið hafa á sjó. Nafn hans hefur ekki verið þekkt, en talið að hann væri af norska farskipinu Fanefjeld sem hvarf á siglingaleið undan Vestfjörðum í vikunni eftir páska árið 1942. Hér verður rakin örlagaför skipsins og leiddar líkur að því hver þar hvílir.

Í sunnudagsblaði Morgunblaðsins 10. júní 2001 var fjallað um óþekkta sjómanninn á Flateyri og byggt á þekktum heimildum ásamt viðtölum við gamla Flateyringa sem mundu þá tíma vel. Niðurstaða blaðamanns var sem fyrr að sjómaðurinn, sem Flateyringar fundu látinn í bjarghring út af Öndarfirði 11. apríl 1942, hafi verið af norska skipinu Fanefjeld frá Bergen, sem var í saltflutningum hér við land og hvarf með allri áhöfn á leið frá Bíldudal til Ísafjarðar aðfaranótt 9. apríl. Skipið er reyndar ranglega nefnt Fanefeld, Fanefjell eða Fanejeld í sumum heimildum. Gátu menn sér þess til að skipið hefði rekist á tundurdufl en heimildir sem vitnað er til lýsa því að strandferðaskipið Esja hafi sneytt naumlega hjá rekadufli á leið sinni frá Ísafirði daginn áður. Frásögnin af ferð Esju er þó ekki rétt tímasett því skipið sigldi frá Ísafirði með farþega af Skíðavíku



Ingolf Johansen háseti og skytta á Fanefjeld.

að morgni mánudagsins 6. apríl, sem var annar páskadagur. Þá er í greininni getið færslu séra Jóns Ólafssonar í kirkjubók Holtsprestakalls, sem jarðsetti óþekkta sjómanninn, að af einkennisbúningi sem líkið var klætt hafi mátti ráða að maðurinn hefði verið stýrimaður.

Afdrif flutningaskipsins Fanefjeld hafa lengi verið ljós þótt norskum, breskum og þýskum heimildum hafi ekki borið saman um dagsetninguna. Staðfesta þau hvarf skipsins, sem var með nokkuð öðrum hætti en almennt hefur verið talið og leiða sterkar líkur að því hver hinn óþekkti sjómaður var.

Örlagaför



Liðsmaður norska flotans í einkennisjakka með áletruninni „Norway“ við öxl og ankeri og kórónu á erminni líkt og lýst er að óþekkti sjómaðurinn á Flateyri hafi borið.

Eimskipið Fanefjeld var 1.355 brúttólestir að stærð, smíðað í Krimpen í Hollandi árið 1921. Það var í eigu Harald Grieg Martins í Bergen en gert út á vegum samlags norskra útgerðarmanna í útlegð, Nortraship, sem leigði öll norsk skip í þágu bandamanna. Nortraship hafði aðalstöðvar í London og New York og rak umboðsskrifstofur í helstu höfnum, þ.m.t. í Reykjavík.

Fanefjeld kom til Reykjavíkur í skipalestinni UR-17 með saltfarm 31. mars 1942. Vikulegar skipalestir milli Íslands og Bretlands nefndust UR (UK-Reykja-

vík) á útleið og RU á leið til Bretlands. Hélt skipið til Bíldudals föstudaginn 3. apríl þar sem losuð voru 300 tonn eftir páskaana. Skipstjóri Fanefjeld hét Haakon Næss og í áhöfn voru sautján aðrir Norðmenn, einn Breti, tveir Kanadamenn og einn Svíi, menn á aldrinum 18 til 56 ára. Tveir norsku hásetanna voru þjálfaðar loftvarnaskyttur og báru einkennisbúning norska flotans. Auk þeirra var íslenskur leiðsögumaður með í för á strandsiglingunni eins og venja var, Sigurður Oddsson skipstjóri úr Reykjavík, 67 ára að aldri.

Degi áður en Fanefjeld kom til hafnar í Reykjavík hélt þýski kafbáturinn U-252 úr höfn á Helgoland í árársför út á Atlantshaf með viðkomu á Íslandi, þar sem setja skyldi þýskan njósnara á land. Kai Lerchen kafbátsforingi var í sinni fyrstu árársför með 43ja manna áhöfn. Lét hann njósnarann á land í Finnafríði við innanverðan Bakkaflóa aðfaranótt 6. apríl. Að því búnu hélt kafbáturinn djúpt norður og vestur fyrir land og skyldi kanna legu hafiss á leiðinni. Af njósnaranum, Ib Árnasyni Riis sem er af íslensku bergi brotinn, er það að segja að hann gaf sig strax fram við bresk hernaðaryfirvöld og féllst á að starfa fyrir þau á laun. Sendi hann Þjóðverjum loftskeyti frá Reykjavík sem breska gagnnjósnadeildin samdi með gagnlausum og villandi upplýsingum, m.a. til þess að ala á ötta við yfirvofandi innrás bandamanna í Noreg. Þjóðverjar voru grunlausir og heiðruðu njósnara sinn með járnkrossinum fyrir góða frammistöðu.

Kafbátsmenn á U-252 urðu ekki varir við hafís undan Norðurlandi en komu að ísröndinni skammt utan miðlínu milli Íslands og Grænlands um 90 sjómílur norðvestur af Barða miðvikudaginn 8. apríl. Sama dag héldu 26 þunghlaðin flutningaskip í skipalestinni PQ-14 frá Hvalfirði ásamt fylgdarskipum áleiðis norður fyrir Vestfirði og til Múrmansk. Northrop sjóflugfél norskra flotans flaug könnunarflug frá Akureyri til verndar skipalestinni eftir hádegi daginn eftir.

Klukkan 14.14 taldi flugmaðurinn sig sjá sjónpípu kafbáts bregða örsnöggt fyrir á sjávarborðinu austur af Horni. Þegar nánar var að gáð sást þar engin kjölfarsrák eða önnur merki um kafbát svo ekki kom til djúpsprengjuárásar. Eftirlitsflugvélin varð einiskis frekar vör og ekki heldur önnur leitarflugvél sem leysti hana af hólmi. Ekki er vitað um að neinir kafbátar hafi verið á þeim slóðum þennan dag en ljóst að U-252 sigldi upp undir Vestfirði á leið sinni suður í höf, e.t.v. til að kanna skipaferðir með ströndinni. Má búast við að skráfuhljóð skipanna í PQ-14

hafi heyrst í fjarska í hlustunartækjum kafbátsmanna að kvöldi 8. apríl.

Fanefjeld var tilbúið til brottfarar til Ísafjarðar sama kvöld en skipstjórnamenn eru sagðir hafa frestað för fram eftir nóttu svo njóta mætti morgunskímu við siglinguna inn Ísafjarðardjúp. Skipið hélt frá Bíldudal aðfaranótt 9. apríl en frá Ísafirði var ferðinni heitið til Siglufjarðar. Ungur skipverji af togaranum Baldri frá Bíldudal, Guðmundur Sigurður Pétursson sem búsettur var í Reykjavík, tók sér far með Fanefjeld til Ísafjarðar þar sem hann hugðist fá skipsfar suður. Veður var gott, hæg suðaustanátt og léttskýjað er skipið hvarf fyrir Sauðanes.

Hvað síðan gerðist nákvæmlega er enginn til frásagnar um. Fanefjeld kom ekki til Ísafjarðar eins og áætlað var. Lerchen kafbátsforingi sendi skýrslu til kafbátaflotastjórnarinnar laugardaginn 11. apríl er hann var staddur djúpt suður af Reykjanesi. Greindi hann stuttlega frá legu hafíssins og að siglingavitar loguðu með ströndinni. Njósnarinn hafi verið settur á land og að ca. 2.000 lesta skipi hefði verið sökk í náttmyrkri út af Súgandafirði. Ekki hefði komist upp um ferðir kafbátsins og hann ætti eftir 13 tundurskeyti af þeim 14 sem lagt var upp með. U-252 hélt förrinni áfram í veg fyrir skipalestir suðvestur af Írlandi þar sem bresk herskip sökkту kafbátum með allri áhöfn að kvöldi 14. apríl.

Ætla verður að íslenski leiðsögumaðurinn hafi látið stýra skipinu venjubundna siglingaleið í um tveggja sjómílna fjarlægð frá landi á þessari stuttu leið. Þá má ætla að kafbátsmenn hafi verið á ferð nokkru dýpra á vesturleið og e.t.v. séð Fanefjeld bera fyrir opna firðina í tunglskini eða heyrt skráfuhljóðið í neðansjáv-arhlustunartækjum. Skipið hefur líklegast siglt beina stefnu og verið auðvelt skotmark tundurskeytis sem skotið var utan af hafi móti morgunskímunni. Sprengiafl tundurskeytis sem hæfði þunghlaðið gufuskip af þessari stærð í vélarrúmið miðskips nægði til að sundra því og sökkva á augabragði. Það að ekki yrði vart reka úr skipinu bendir eindregið til þess að þau hafi verið örlög skipsins og allra um borð nema norska sjómannsins unga sem e.t.v. hefur staðið vakt. Kafbáturinn hélt áfram för sinni eftir vel heppnaða árás en eftir flaut sjómaðurinn einn og króknaði brátt í ísköldum sjónum.

Líkfundur

Snemma morguns föstudaginn 10. apríl eða laugardaginn 11. sigldi vélbáturinn Ingólfur Arnarson ÍS 501 frá Flateyri fram á lík Norðmannsins þar sem báturinn lónaði yfir línulögn 6-7 sjó-



Sigurd Arvid Nilsen háseti og skytta á Fanefjeld er líklegast óþekkti sjómaðurinn sem liggur grafinn í Flateyrarkirkjugarði.

mílur vestur af Önundarfirði. Settu skipverjar líkið á land á Flateyri þar sem það var jarðsett með viðhöfn og legstaðurinn helgaður minningu óþekkta sjómannsins. Bátar voru sendir út til leitar að fleiri vísbendingum um afdrif skipsins en urðu einskis varir.

Mathias Hansen skipstjóri, sem veitti skrifstofu Nortraship í Reykjavík forstöðu, skrifaði yfirmönnum sínum í London skýrslu um afdrif Fanefjelds 24. apríl. Hann segir líkið sem fannst hafa flotíð á bjargbelti eða bjarghring sem á hafi verið letrað „FAN-EF...“ en aðrir stafir í nafni skipsins hafi verið ólæsilegir. Engir pappírar hafi fundist á líkinu nema norskt dagblað dagsett 24. janúar. Umboðsmaður Eimskipafélagsins á Flateyri hafi fengið lækni til að skoða líkið og teldi hann að það hefði ekki legið lengur en tvo daga í sjó. Líkið hafi verið af ca. 30 ára karlmanni, 177 cm háum með dökkt hár og yfirskegg, og hafi hann borið silfurhring á hægri hönd sem á var letrað nafnið „Iran“. Þá hafi líkið verið klætt einkennisjakka með rauðu ankeri og kórónu ásamt áletruninni „Norway“ á erminni. Muni hinn látni því hafa verið önnur loftvarmaskytta skipsins.

Í skýrslunni segir einnig að Fanefjeld hafi farið frá Bíldudal að kvöldi 8. apríl og að skipverjar á Ingólfi Arnarsyni hafi fundið líkið föstudaginn 10. og einnig að bátar hafi verið sendir út til

leitar að morgni laugardagsins 11. apríl. Ætla verður að misfarist hafi með dagsetningar enda ljóst af innlendum heimildum og atburðarás að rétt dagsetning sé 9. apríl og líkfundurinn hafi orðið 10. en ekki 11. apríl. Gunnar Valdimarsson á Bíldudal vann við uppskipun saltsins í Fanefjeld og er ekki í nokkurn vafa um að brottför skipsins hafi orðið talsvert eftir miðnætti. Hafskipa-bryggjan var T-laga og haus hennar ekki treyst fyrir stórum skipum nema með löngum festum úr stafni og skut í sérstakar festingar í landi. Voru menn úr landi jafnan fengnir til að ganga frá þeim festingum og sleppa aftur og hafi faðir hans þurft að vakna þessa nótt til að sinna verkinu.

Ljóst er að hefði þýski kaþbáturinn verið á ferð á siglingaleið fyrir Vestfjörðum strax að kvöldi 8. apríl hefði hann siglt beint í flasið á skipalestinni PQ-14, sem tekið hefði margar klukkustundir að sigla hjá í tvöfaldri röð eins og venja var til að sleppa við tundurduflabeltið sem lá um sjö sjómílur norður af Straumnesi. Hefur 8. apríl ranglega fest í skrám Norðmanna og Breta um dagsetningu þessa skiptapa þótt þýskar og íslenskar heimildir segi 9. apríl. Í nýjustu útgáfu helsta heimildarits um árangur þýska kaþbátaflotans í síðari heimsstyrjöld, „Axis Submarine Successes of World War Two“ eftir þýska fræðimanninn dr. Jürgen Rohwer, segir að U-252 hafi

sökkt skipinu klukkan 10 að morgni 9. apríl að þýskum tíma, þ.e. kl. 8 að íslenskum tíma. Ekki kemur fram hvað lagt sé til grundvallar þessari tímasetningu en vísað er til skeytis kaþbátsforingjans sem að ofan er nefnt. Í skeytinu, sem er að finna í dagbók þýsku kaþbátaflotastjórnarinnar og skýrslu um hinstu för hans, er þess sérstaklega getið að árásin hafi verið gerð á meðan enn var dimmt af nóttu og hefði því verið nokkru fyrr um morguninn eða síðla nætur. Kemur það heim og saman við frásögn Gunnars Valdimarssonar um brottför skipsins frá Bíldudal enda ekki nema 3-4 klst. sigling 30 sjómílna leið norður til Súgandafjarðar.

Óþekkti sjómaðurinn

Víkjum þá aftur að loftvarnaskyttunni norsku sem hvílir í Flateyrarkirkjugarði. Í áhafnarlista, sem fylgdi skýrslu Hansens skrifstofustjóra í Reykjavík og staðfestur var af öryggisþjónustu hersins við komu Fanefjeld til landsins, eru nafngreindar tvær loftvarnaskyttur: Ingolf Johansen frá Skoger og Sigurd Arvid Nilsen frá Oslo, sem þar eru sagðir 20 og 23 ára að aldri. Ingolf var fæddur í Skoger árið 1922 en Sigurd í Gildeskål. Er fæðingarár hans ýmist sagt vera 1913 eða 1918. Samkvæmt heimildum Tore Nielsen hjá Sjóminjasafninu í Bergen er getið um Sigurd í skrám yfir skyttur á norskum farskipum og mynd af honum þar ber með sér að hann hafi verið



Friðþór Eydal.

Um höfundinn

Höfundur þessarar samantektar, Friðþór Eydal, er varnarmála- og upplýsingafulltrúi Keflavíkurflugvallar ohf. Hann var upplýsingafulltrúi Varnarliðsins í nærri aldarfjórðung eða á árunum 1983-2006.

Friðþór ólst upp á Látrum í Aðalvík 1955-1960 og á Ísafirði 1961-1971. Hann á ættir að rekja til Aðalvíkur og Jökulfjarða.

Friðþór Eydal hefur ritað allmikið um umsvif og sögu erlendra herja á Íslandi í heimsstyrjöldinni síðari og kaldastríðsárunum, þar á meðal sögu ratsjárstöðva Breta og Bandaríkjamanna í Aðalvík (Ársrit Sögufélags Ísfirðinga) og bækur um flotabækistöð bandamanna í Hvalfirði, hernáðarumsvif á Austurlandi og sögu Keflavíkurflugvallar og varnarliðsins.

grannur maður með yfirskegg og þar er hann sagður fæddur 1913. Meðfylgjandi myndir af skyttunum tveimur á Fanefjeld sem fengnar eru frá Sjóminjasafninu í Bergen og eru úr bók um norska sjómenn sem fórust á stríðsárunum. Þar er móðir hans, Elfrida Marie, sögð fædd 1898.

Af ofangreindu má ráða að Sigurd Nilsen gæti hugsanlega hafa verið 29 ára og hafi verið þekktur

fyrir að bera yfirskegg. Hvort tveggja á við um lýsingu læknisins á líki óþekkta sjómannsins á Flateyri. Á hinn bóginn bendir aldur móður hans til þess að hann hafi verið yngri og þá kann ágiskun læknisins aldur að hafa verið röng. Hvað sem því líður má af lýsingum og myndum af loftvarnaskyttunum tveimur af Fanefjeld draga ályktun um hver í gröfinni hvílir.



Frá framkvæmdunum.

Sundlaugin í Reykjanesi í viðgerð

Steypuviðgerðir standa yfir á sundlauginni í Reykjanesi í Ísafjarðardjúpi. Gunnar Línberg Sigurjónsson, staðarhaldari í Reykjanesi, segir viðgerðirnar tímabærar og segist hann eiga von á að þeim verði lokið um miðjan júní. Sundlaugin verður einkar glæsileg eftir viðgerðirnar en ísfirska verktakafyrirtækið KNH ehf. sá um steypuvinnuna.

smáar

Til sölu er efri hæð fasteignarinnar að Miðtúni 27 á Ísafirði. Um er að ræða 127 m² sérhæð ásamt 32 m² bílskúr. Þá er einnig til sölu 54m² íbúð í kjallara ásamt 28m² bílskúr. Nánari uppl. gefur Björn í síma 456 4669.

Vantar fólk á skrá sem getur tekið að sér afleysingar við að bera út Moggann og önnur fylgi-blöð. Uppl. í síma 820 7245.

Viltu losna við veski eða töskur? Sólstafir Vestfjarða verða með töskumarkað á Dalaporti í Arnardal 14. júní og vantar nýjar eða notaðar töskur til að selja. Hafið samband við Billu í s. 899 8698.

Til sölu er Nissan Terrano árg. 2001, ekinn 97 þús. km. Góður bíll. Sumar- og vetrardekk á felgum fylgja. Uppl. í síma 860 7442.

Kaupi bíla til niðurrífs. Upplýsingar í síma 825 2173.

Til sölu er Mercedes Bens húsbíll árg. 88. Uppl. í s. 897 6765.

Par óskar eftir lítilli íbúð á Ísafirði til leigu, með húsgögnum og eldhúsáhöldum frá júní til desember. Upplýsingar gefur Panas í síma 846 8768.

Til leigu er 2ja herb., 78m² björt og skemmtileg íbúð á eyrinni. Leigist næsta vetur. Eithvað af húsgögnum fylgir með. Á sama stað óskast vel með farin uppþvottavél, eldavél og hentugur sófi í sumarbústað. Uppl. í síma 867 6657.

Þvottavél í góðu standi óskast til kaups. Uppl. í síma 660 8614.

Gerist áskrifendur í síma 456 4560!



Útibú Sparisjóðsins í Keflavík á Ísafirði.

Sparisjóðirnir starfi með hefðbundnu sniði

Sparisjóðir fá að starfa með hefðbundnu sniði og verða áfram í eign stofnfjáreigenda samkvæmt frumvarpi um starfsemi sparisjóða sem Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra ætlar að leggja fram á Alþingi. Ákvæði eru um meðferð eignarhluta stofnfjáreig-

enda, þar á meðal um stofnfé ríkisins leggi það fram fjármagn til endurreisnar þeirra. Gylfi segir að hugmyndin með rammalögum um starfsemi sparisjóðanna sé að hverfa aftur til upprunalegra gilda þar sem sparisjóðir voru nátengdir heimabyggð og sinntu

þjónustu í nánd við heimamenn og fyrirtæki í heimabyggð. „Það er gert ráð fyrir að þeir verði allir stofnfjársparisjóðir en þó munu sparisjóðir sem nú þegar hafa breyst í hlutafélög fá að starfa áfram sem hlutafélög og nota orðið sparisjóður áfram í

heiti sínu,“ segir Gylfi. Í frumvarpinu eru ákvæði um samvinnu og samstarf sparisjóða sem lækkað getur rekstrarkostnað þeirra, en einnig er ætlast til þess að þeir verði í innbyrðis samkeppni, meðal annars um vexti og gjaldskrá. Kveðið er á um hvernig eignarhlutur núverandi stofnfjáreigenda í sparisjóðum verði metinn. Þetta er gert með hliðsjón af hugsanlegu framlagi ríkisins til endurreisnar einstakra sparisjóða sem unnt verður að breyta í stofnfjárhluti í eigu ríkisins.

Hlaupaæði

Hlaupaæði virðist hafa gripið Vestfirðinga. Um fimmtíu manns hlaupa saman í Bolungarvík tvisvar til þrisvar í viku og fimm hlaupahópar eru á Ísafirði. Einn hleypur upp úr klukkan sex á morgnana og svo eru aðrir hópar sem sjást á götum á mismunandi tímum fram eftir kvöldi. Sagan segir að þegar langhlauparinn Marta Ernstdóttir hafi flutt vestur á Ísafjörð í fyrrasumar hafi hún sáð fræi. Riddarar Rósu er hlaupahópur sem verið hefur við lýði í nokkur ár en hún sjálf hefur verið að hlaupa í 17 ár. Sumir hlaupa, aðrir skokka og enn aðrir ganga, hver á sínum hraða. Fullvíst þykir að stór hluti þessara hlaupara taki þátt í Reykjavíkumaraþoninu sem verður 22. ágúst á menningarnótt í Reykjavík. Frá þessu var greint á vef Svæðisútvarps Vestfjarða.

Heiðarleg og gagnsæ stjórnmal

Stakkur skrifar

Engum dylst að Alþingi og ríkisstjórn eiga fyrir höndum afar erfið og mikilsverð verkefni á næstu mánuðum eða frekar á næstu vikum, jafnvel næstu dögum, því mikið liggur við. Bankakerfi Íslands stendur fremur veikum fótum og styrking þess er grundvöllur atvinnulífs, en hjól þess verða nú að fara að snúast af miklum krafti. En því miður hvarflar sú hugsun stundum að, að hvorki Alþingi né ríkisstjórn einblíni á þessa einföldu en æpandi staðreynd samtímans. Samt virðist endurreisn hins íslenska efnahagslífs ekki vera forgangsatriði þegar dagskrá Alþingis er skoðuð. Frá því að núverandi stjórnarherrar komust til valda eru liðnir nærri 130 dagar og margir eru orðnir langþreyttir eftir því að sjá að tekist verði á við verkefnið, að bæta úr ástandinu. Ástandið á Íslandi er slæmt. Atvinnuleysi er mikið, en nú er farið að telja það með öðrum hætti en gert var fyrir kosningar. Það telst nú hafa minnkað, ef aðeins eru taldir þeir sem eru með öllu atvinnulausir, en þeir sem hafa einhverja atvinnu teljast ekki með. Þeir síðarnefndu þiggja þó bætur fyrir atvinnuleysi að hluta og það kostar líka. En fyrst og fremst hljóta allir eða að minnsta kosti lang flestir kjósendur að gera sér grein fyrir því að brýnasta verkefnið framundan er ekki að útrýma nektardansi frekar en að koma bjór í matvöruverslanir. Það mikilvægasta er að koma hjólum atvinnulífsins í fullan gang, skapa tekjur og styrkja hag heimilinna. En hvar stendur það mikilvæga verkefni? Gengi íslensku krónunnar hríð-

fellur og ekki virðist gerð nein tilraun til þess að vinda þar ofan af, ekki einu sinni til að stöðva gengishrapið. Við kjósendur þurfum skýr svör við þeim fjölmörgu spurningum sem brenna á vörum okkar þegar við förum í bankann og borgum af verðtryggðum lánnum okkar nú eða myntkörfulánunum, sem hækka stöðugt, dag frá degi. Með lækkandi launum, hækkaði gengi og hækkun vísitölutryggðra lána er útlitið ekki gott. Verst er það þó hjá þeim sem ekki hafa atvinnu. Hvenær sjáum við sólarglætu? Hvenær hætta eignir okkar að falla í verði með lækkaði gengi? Hvenær hætta skuldirnar að vaxa okkur yfir höfuð? Hvenær sjáum við vonarglætu í atvinnulífinu? Verða kannski allir sem hafa vinnu orðnir ríkisstarfsmenn áður en yfir lýkur? Eigum við von á því að alþingismenn, sem bera ábyrgð á ríkisstjórninni brjótist út úr þeim farvegi að deila um aðild að Evrópusambandinu og snúi sér að því að leysa vandamál þjóðarinnar í staðinn? Við siglum lengra í það ástand með hverjum deginum að uppfylla ekki skilyrði um innngöngu í þetta blessaða samband og enn síður uppfyllum við skilyrði Maastricht samkomulagsins um upptöku Evru. Við viljum fá heiðarlega umræðu, vita hvað er að gerast í raun og sjá áherslu á björgun þjóðarinnar. Hvenær tæmist Atvinnuleysis-tryggingasjóður og hvað tekur þá við? Hvað ætlar Alþingi að gera. Allir alþingismenn bera ábyrgð.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

16

FIMMTUDAGUR 4. JÚNÍ 2009



Kjúklingabringur
Skindlausar

1.789 kr/kg

Verð áður 2.796 kr/kg

**frábært
verð!**

Glæsilegt kjötborð!



**34%
afsláttur**

Nautahamborgarar
Úr kjötborði

98 kr/stk.

Verð áður 149 kr/stk.



**25%
afsláttur**

Lambahryggur
Úr kjötborði

1.349 kr/kg

Verð áður 1.798 kr/kg



**30%
afsláttur**

Nautasnitseil
Úr kjötborði

1.539 kr/pk.

Verð áður 2.198 kr/kg



**30%
afsláttur**

Nautagúllas
Úr kjötborði

1.390 kr/pk.

Verð áður 1.985 kr/kg



**28%
afsláttur**

Kindafile
Úr kjötborði

1.986 kr/stk.

Verð áður 2.759 kr/kg



**40%
afsláttur**

Tilboðsís 1 ltr.
Vanillu og súkkulaði

149 kr/pk.

Verð áður 275 kr/pk.



**6 kjúklingabitar
franskar og 2L Coke**

1.298 kr.

Tilboðið gildir
fimmtudag og föstudag

Gildir 4. - 7. júní
Birt með fyrirvara um prentvillur

Samkaup **úrval**

ÍSAFJÖRDUR

Flutti vestur fyrir ástina

Aðalheiður Rúnarsdóttir hefur búið á Ísafirði í einn vetur og er þegar farin að setja svip á samfélagið, en hún vakti athygli í hlutverki glæpakvendisins og hagsýnu húsmóðurinnar Antoniu í farsanum Við borgum ekki, við borgum ekki! sem Litli leikklúbburinn setti upp fyrir skemmstu. Aðalheiður er snyrtifræðingur að mennt en starfar nú við bókhald í Súðavík en hún fluttist til Ísafjarðar vegna ástarinnar en sambýlismaður hennar, Valur Norðdahl, er frá Ísafirði. Hún segir Ísfirðinga hafa tekið sér opnum örmum en glögg er gests-augað og bendir hún á að sárlega vanti fiskbúð og góða sundlaug í bæinn.

– Aðalheiður steig í fyrsta sinn á svið um árabil í hlutverki sínum með LL en blaðamaður vildi þó for-vitnast um hvort hún hefði alltaf haft áhuga á leiklist?

„Já, ég hef alltaf haft áhuga þó ég hafi ekki gert mikið í því. Ég fór á námskeið hjá Eddu Björgvinsdóttur fyrir mörgum árum sem var mjög skemmtilegt. Á þeim tíma var ég að ihuga að fara í leiklistarskóla en þá varð ég ófrísk svo það varð ekkert úr því.“

– Hvernig kom það til að þú gekkst til liðs við Litla leikklúbbinn?

„Ég þekki Simba (Sveinbjörn Hjálmarsson innskot blaðamanns) sem er í LL og hann spurði mig hvort ég hefði áhuga og ég játaði því. Svo mætti Þröstur Ólafsson varaformaður klúbbsins bara í vinnuna til mín og bað mig að mæta í prufu. Sem ég gerði.“

– Leist þér strax vel á leikritið?

„Mér finnst það mjög skemmtilegt. En mér leist nú ekkert á blikuna þegar þetta byrjaði að rúlla þar sem þetta var svo mikill texti sem maður þurfti að læra, ég var hrædd um að ég myndi aldrei ná því“, segir Aðalheiður og hlær. „Þetta er fyrsta hlutverkið mitt síðan ég var í gaggó en þá tók ég leiklist sem valfag. Svo það má segja að maður hafi stokkið út í djúpu laugina.“

– Er þetta eitthvað sem þú hefur í hyggju að leggja fyrir þig?

„Ég veit það hreinlega ekki. Mér finnst mjög skemmtilegt að leika en þetta tekur mikinn tíma frá manni. Þegar verið er að setja upp leikrit tekur það allan frítíma manns og maður er rétt heima hjá sér yfir nóttina.“

– Hvað kom til þess að þú fluttir á Ísafjörð?



„Ég flutti vestur með kærasta mínum Val Norðdahl sem er innfæddur Ísfirðingur. Þetta var mánadamótin október-nóvember og þá kom ég nánast í fyrsta sinn til Ísafjarðar. Það voru frekar mikil viðbrigði eftir að hafa búið í stórborg alla mína ævi. En mér líst alveg rosalega vel á staðinn. Auðvitað hafa komið tímabil þar sem ég sakna fjölskyldunnar og vina minna. Auk þess sem ég sakna þess að komast í almennilega sundlaug og hafa úrval af kaffihúsum og leikhúsum og þess háttar. Svo finnst mér mikil þörf á því að opna fiskbúð hér. Það kom mér mjög á óvart að það skildi ekki vera fiskbúð á Ísafirði, mér finnst það alveg nauðsynlegt að hafa aðgang að góðri fiskbúð.

En því lengra sem ég kemst inn í hlutina hér því ég sáttari verð ég. Allir eru svo yndislegir hér fyrir vestan og taka manni opnum örmum.

Mest sakna ég barnanna minna en ég á þrjú börn og ekkert þeirra var hér fyrir vestan í vetur. Elsta dóttir mín er í framhaldsskóla fyrir sunnan og ætlar að vera það áfram en hún verður hjá okkur í sumar. Og þar sem við fluttum á miðju skólaári var tekin sú ákvörðun að þau litlu myndu klára skólaárið og koma svo vestur um leið og skólinn væri búinn. Þau hafa þó mikið verið hér og finnst það æðislegt. Þau eru úti að leika allan tímann þegar þau koma hingað.“

– Voru það ekki viðbrigði fyrir þig sem borgarbarn að takast á við

veturinn hér vestra?

„Jú, en það bjargaði því hversu stutt er í allt. Stutt að fara í vinnuna og komast í búð og svona. Það sem fór með mig var flugið en ég lenti í því að krakkarnir komust ekki vestur í heimsóknir þar sem ekki var flogið. En svo var líka margt jákvætt. Mér finnst það t.d. alveg æðislegt að geta keyrt í fimm mínútur til að komast upp í fjall á snjóbretti. Ég hafði aldrei stundað neina skiðaiþrótt að ráði fyrr en ég kom hingað.

Svo ætla ég að ferðast um Vestfirði í sumar, ég hlakka mikið til þess. Systir mín bjó einu sinni á Þingeyri og ég flaug einu sinni á Ísafjörð og keyrði yfir á Þingeyri til að heimsækja hana, en þetta var áður en göngin komu. Ég hef því verið aðeins í Dýrafirði og nágrenni. Svo fór ég Patreksfjörð 2001 en að öðru leiti hef ég ekkert ferðast um Vestfirði. Áður en ég ákvað að flytja vestur var ég ákveðin í að kynna mér Vestfjarðakjálkann. Það er því stefnan að bæta úr því í sumar og taka fyrir eitt og eitt svæði um helgar. Mér finnst fólk vera að fara á mis við mikið að koma ekki á Vestfirðina en svo margir keyra bara hringinn sem er malbikaður. Það þyrfti að fá almennilega vegi fyrir vestan til að fá Íslendinga til að koma hingað í auknum mæli. Mér datt nú í hug hvort ekki væri hægt að gera eins og í Ítalíu og hafa vegtolla áður en ekið er inn í hvern bæ, peningurinn sem af því hlytist gæti verið notaður í betri samgöngur.“



Gott fyrir húðina?

Er ekki sagt að drullmaski sé góður fyrir húðina? Ef svo er, þá mætti ætla að keppendur á stærsta motokrossmóti Svíþjóðar, sem jafnan fer fram á eynni Gotlandi, komi fagrir og skínandi undan maskanum að keppni lokinni. Heppilegt er í þeim efnum að sem allra mest hafi rignt áður en keppnin fer fram. Oft leynist flagð undir fögru skinni, er stundum sagt. Eða alveg þveröfugt.

utan úr heími



Ýmsir í útrýmingarhættu

Hvítabjarnafeldir á sölusýningu í Peking. Sýningin var sérstaklega ætluð auðmönnum og verðið á feldunum var eftir því. Margir hneyksluðust á því að þarna skyldu seld skinn af dýrum í útrýmingarhættu. Þessi smekklega veggskreyting - eða ósmekklega, eftir því hvernig á það er litið - kostaði meira en sem svarar liðlega 20 þúsund evrum eða þremur og hálfri til fjórum milljónum króna. En hver veit nema dýrin hafi verið drepin í nauðvörn eða af illri nauðsyn, eins og það er kallað, líkt og hvítabirnirnir fyrir norðan ekki alls fyrir löngu. Já, sýning ætluð auðmönnum. Núna virðast auðmenn vera í útrýmingarhættu. Að minnsta kosti hér á Íslandi. Kannski verða þeir friðlýstir eins og hvítabirnir og ekki lagðir að velli nema í nauðvörn eða af illri nauðsyn.

Íslenskt, já takk!

Sælkeri vikunnar býður upp á þriggja rétta máltíð sem hún segir að sé svo toppuð með góðum drykk. Þá sé íslenska vatnið alltaf best, ekki síst í kreppunni. „Þar sem sjómannadagur er á næsta leiti er hér smá tillaga að góðgæti“, segir Ólafía.

- Forréttur
Hörpudiskur
- 300 g ferskur hörpudiskur
100 g rækjur
100 g sveppir
1rauð paprika
Salt og pipar
Blaðlaukur eftir smekk
100 g smjör.
1 dl rjómi

Grænmetið snöggsteikt í smjörinu þar til það verður létt meyr, ekki klesst. Hörpudisk og rækjum bætt út í og látið malla u.þ.b. 1 mín. Hellið þá rjómanum yfir og

látið sósuna þykkna. Gott er að setja u.þ.b. 1 msk koníak eða hvítvín í sósuna. Borið fram með ristugu brauði. Smart að skreyta litla forréttardiska og bera þetta fram.

- Aðalréttur
Hunangsgljáð
vestfirskt lambalæri
- 1 meðalstórt lambalæri 1,8 til



- 3,0 kg
3 msk hunang
2 msk kanill
1 tsk myntukrydd
2 dl vatn
1 stk lambakjötsteningur
1 tsk pipar
1msk fínt salt

1tsk rósmarin krydd

Hrærið saman allt krydd og hunangið. Snyrtið lærið. Smyrjið hunangsböndunni á lærið, nuddið vel inn í kjötið. Lærið sett í ofnskúffu. Kjötsoði sem er úr vatni og teningi er hellt yfir. Látið standa í fjórar klukkustundir áður en það fer í ofn. Hitið ofninn í 180°, setjið lærið inn í og steikið

í 1 klukkustund og 20 mínútur. Þá er slökkt á ofninum og kjötið látið standa í 10 mínútur. Meðlæti er brúnaðar kartöflur og gott grænmeti eða það sem hugurinn gírmist.

- Eftirréttur
Guðdómlegt gums



Sælkeri vikunnar er Ólafía Sigurjónsdóttir á Þingeyri.

- 4 eggjahvítur
200g sykur
1dl salthnetur
1dl döðlur
100 g súkkulaði
hálf tsk lyftiduft

Eggjahvítur og sykur er þeytt vel saman. Öllu hinu bætt varlega saman við. Sett í tvö kökuform. Bakað í 1 klst við 120 gráðu hita.

Blandið saman í skál hálfum lítra af þeyttum rjóma, 15 ferskum jarðaberjum, 1 banana, salthnetum, súkkulaðirúsínum og setjið á milli laga. Skreytið með þeyttum rjóma og afganginum af öllu gumsinu.

Ég skora á Ingibjörg Þorláksdóttir á Þingeyri að vera næsti sælkeri vikunnar.

Mikið um dýrðir á afmælishátíð Harðar

Mikið var um dýrðir á afmælishátíð íþróttafélagsins Harðar á Ísafirði en félagið fagnaði 90 ára afmæli um liðna helgi. Hátíðin var mjög stór stund fyrir félagi í Herði en hún hófst á föstudag með vígslu minnisvarða um Harðarskála á Harðarskálaflöt. Þar mættu tvær ísfirskar skíðakonur sem voru fyrstu konurnar sem kepptu fyrir Íslands hönd á ólympíuleikum, þær Jakobína Jakobsdóttir, sem varð níttján sinnum Íslandsmeistari, og Marta Bíbí Guðmundsdóttir. Marinó Hákonarson, stjórnarmaður í afmælisnefnd Harðar, segir eftirminnilegast frá hátíðinni hve 90 ára saga Harðar er stórmerkileg

og hvað Harðarskálaflöt á sér stóran sess í hjarta þeirra. Á minningarmótinu um Guðna Albert komu fimm bestu glímumenn landsins til keppni. Einn af þeim varð glímukóngur Íslands sjö ár í röð, þ.e. Ingibergur Sigurðsson. Hátíðinni lauk með vítaspyrnukeppni „heldri“ Harðar- og Vestrapúka. Þátttakendur voru þeir sem spiluðu með meistaraflokkum Harðar og Vestra fyrir og í kringum 1970. Vestri sigraði keppnina og segir Marinó að gárungarnir hafi gantast með að greint yrði frá því með agnarsmáu letri að Vestri hafi sigrað Hörð í keppninni.

– birgir@bb.is



Frá vígslu minnisvarða um Harðarskála á Harðarskálaflöt.



Jens Kristmannsson var gerður að heiðursfélagi Harðar.



Keppt var í Þrastar-glímunnar sem kennd er við Ísfirðinginn Þröst Guðjónsson sem er lengst til hægri á myndinni.

TAX FREE! TAX FREE!

Aðeins fimmtudag
til sunnudags



SUMARBLÓMIN
KOMIN Í
HÚSASMÍÐJUNA

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT

AF ÖLLUM SUMARBLÓMUM OG TRJÁPLÖNTUM

